ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 8.tbl.3.árg.1974

VERÐ: 50 kr.

GUINEA BISSAU
ALÞÝÐUSTRÍÐIÐ SIGRAR

Maðurinn, sem kreppir hnefann og fagnar sigri Guinea-Bissau yfir portúgölsku heimsvaldastefnunni, er Luis Cabral formaður frelsishreyfingarinnar PAIGC. Tveir bræðra hans, Amicar Cabrial (fyrrverandi formaður PAIGC myrtur 1973 af flugumönnum Portúgala) og Fernando Cabral (lést í bílslysi fyrir skömmu í Senegal) fórnuðu lífi sínu til frelsunar alþýðu Guineu-Bissau undan oki heimsvaldastefnunnar.

Sjálfstæðisyfirlýsing PAIGC, þjóðfrelsisfylkingar Guinea-Bissau, frá 24. september 1973 hefur nú hlotið viðurkenningu á heimsmælikvarða og Portúgalsstjórn, með Spínóla í fararbroddi, hyggst "veita" Guinea-Bissau sjálfstæði þann 10. september. Er þar með formlega bundinn endi á nýlendustríðið, sem staðið hefur í 13 ár. Borgarablöðin hafa látið í það skína, að það sé umbótavilja hinnar nýju stjórnar Portúgal að þakka, að endir er bundinn á nýlendustríðið og friðarsamningarnir undirritaðir. En staðreyndin er ekki sú. Með friðarsamningunum og viðurkenningu Portúgalsstjórnar á sjálfstæði Guinea-Bissau er staðfestur sá sigur, sem alþýða Guinea-Bissau hefur unnið á herjum heimsvaldasinnanna á vígvellinum. Sigur alþýðu Guinea-Bissau sannar enn einu sinni, að alþýðustríðið er ósigrandi og að heimsvaldastefnan er pappírstígrisdýr. En sigur alþýðunnar í Guinea-Bissau er ekki sigur fyrir hana eina heldur sigur fyrir öreiga og kúgaða alþýðu alls heimsins. Ástæðan fyrir því að fasíska einræðið í Portúgal hrundi var m.a. ósigur herja portúgölsku nýlenduherranna í Guineu, og þannig sést ljóslega hvernig verkalýður Portúgals fékk lýðræðisréttindi sín m.a. fyrir tilstilli baráttu PAIGC og frelsishreyfinganna í Angóla og Mósambik.

Helstu atriðin í friðarsamningum milli PAIGC og Portúgalsstjórnar,

FRAMHALD Á BLS.4

OFFRAMLEIDSLUKREPPA AUÐVALDSINS ÞÝÐIR:
VERSNANDI LÍFSKJÖR VERKALÝÐSINS

Efnahagsástandið í heiminum hefur að undanförnu einkennst af verðbólgu, síauknu atvinnuleysi og baráttu milli launavinnu og auðmagns. Ástandið hefur þróast svo langt, að margir borgaralegir hagfræðingar eru farnir að spá kreppu í stíl við kreppuna miklu um 1930 með tilheyrandi fjöldaatvinnuleysi og gjaldþroti fyrirtækja. Það er staðreynd að í sumum löndum V-Evrópu hefur tala atvinnulausra nálgast það að vera jafnmikil og í kreppunni 1930, einnig hafa a.m.k. 3 bankar farið á hausinn að undanförnu í V-Þýskalandi. Spá ýmissa hagfræðinga er sú að á næsta ári munu bætast allt að 4 milljónum verkamanna við tölu þeirra sem nú þegar hefur verið kastað út á götuna.

Þessi kreppa auðvaldsskipulagsins gerist ekki bara "úti í heimi", Ísland verður óhjákvæmilega þátttakandi í darraðardansinum. Nú þegar er ljóst, að framleiðslukerfið siglir hraðbyri inn í kreppuástand líkt og var hér 1966-68. Hvarvetna munu ráð auðvaldsins til þess að "leysa" vandamál kreppunnar vera þau sömu, sama hvort það er í Róm eða Reykjavík, ráðið er að ráðast á lífskjör verkalýðsins.

SJÁ LEIÐARA

Auðmaðurinn Geir er nú sestur í stjórnarstól ríkisvaldsins - og við brýnasta verkefni sínu, að bjarga gróða auðvaldsins, hefur hann aðeins eina lausn: hert arðrán á verkalýðnum.

VERKFALL VIÐ HÖFNINA

Nýlega varð skyndiverkfall hjá verkamönnum sem vinna hjá Eimskipafélagi Íslands. Eftirfarandi grein dregur saman nokkrar helstu niðurstöður þess.

Verkfallið, sem átti sér stað við Reykjavíkurhöfn um daginn, var af smávægilegu tilefni í raun og veru. Nefnilega því, að launagreiðslu hafði verið frestað um einn dag. En þó að þetta smáatriði hafi verið upphaf verkfallsins, liggja samt dýpri orsakir fyrir því, að verkamenn hjá Eimskip skyldu leggja niður vinnu þennan dag. Í fyrsta lagi er um að ræða langvarandi reiði, sem magnast hefur hjá verkamönnunum út af þeim kjaraskerðingum, sem undanfarið ár hefur fært með sér, og það að jafn smávægilegur atburður, sem undir eðlilegum kringumstæðum hefði ekki valdið neinum meiriháttar deilum, skuli hafa leitt til algers verkfalls, sýnir að verkafólk er að snúast til varnar gegn kjaraskerðingarsókn auðvaldsins, þó óskipulagt og sjálfsprottið sé.

Niðurstöðurnar af þessu verkfalli eru þær, að 1) baráttuvilji verkamanna er fyrir hendi og óveruleg atvik eins og frestun launagreiðslu getur orðið tilefni til baráttu, því að mælirinn er þegar fyrir löngu fullur og þolinmæði verkafólks er þrotin, 2) að stór hluti hafnarverkamannanna reyndi í verki, hvernig Dagsbrúnarforystan starfar og í hverra þágu starf hennar er. Það að Dagsbrúnarskriffinnurinn Halldór Björnsson skyldi koma á kaffistofuna til að fá verkamenn aftur til vinnu, og gerast svo ósvífinn að halda því fram að frestunin væri fullkomlega lögmæt og samkvæmt samningum milli Eimskipafélagsins og verkamannanna nægir eitt sér til að sýna ljóslega að hann var þangað kominn í erindagerðum kapitalistanna og ekki sem fulltrúi verkamanna. Við sem vinnum á höfninni, vitum fullvel, hvernig þessi svokallaða "samþykkt"

FRAMHALD Á BLS.7

GAMLI–FORD
G. FORD-dyggur fylgismaður kúgunar og útþenslu heimsvaldastefnunnar

NIXON-FORD, nýtt andlit en sama stefnan. Hver sá sem sest í forsetastól Hvíta hússins er þjónn einokunarauðvaldsins. Yfirlýsingar Fords um að hann sé "forseti allra Bandaríkjamanna" eru falskar - hann er dyggur þjónn einokunarauðvaldsins eins og Nixon, enda tilheyrði hann stjórn hans.

Eins og hinn gjörvalli kapitalíski heimur standa Bandaríkin á barmi efnahagshruns. Þetta kemur ekki aðeins fram í aukinni óstjórn á framleiðslunni og vaxandi og miskunnarlausri samkeppni á viðskiptasviðinu, þar sem auðhringirnir ráðast eins og gráðugir vargar á sérhverja gróðavon en ryðja andstæðingunum úr vegi með öllum tiltækum ráðum. Hin ört dýpkandi kreppa heimskapitalismans kemur einnig fram í djúptækri og alvarlegri pólitískri kreppu. Á pólitíska sviðinu rís hver höndin upp á móti annarri - borgararnir reyna eftir fremsta megni að klóra í bakkann og bjarga sér út úr kreppunni. En þeir eru ekki á eitt sáttir hvernig beri að heyja þessa vonlausu baráttu, því að hér gildir að eins dauði er annars brauð; leið eins hóps innan borgarastéttarinnar og hagsmunir hans þýðir dauða annars hóps. Borgaralegu flokkarnir og flokksbrot innan þeirra koma fram sem fulltrúar fyrir hina ýmsu hagsmunahópa innan borgarastéttarinnar. Þetta kemur fram í því að pólitískir andstæðingar svífast nú einskis í baráttu sinni hver við annan. Þeir gleyma því algerlega að þeir eru stéttarbræður (þó sjálfsögðu ekki þegar berja þarf á verkalýðnum). Það var einmitt þetta sem gerðist í Bandaríkjunum þegar hinum "frábæra" stjórnsnillingi "friðardúfunni" Nixon var sparkað út úr bandarískum stjórnmálum. Hann var auðvitað ekki afhjúpaður eins og borgarapressan út um heim og einnig hér á Íslandi vill halda fram fyrst og fremst fyrir baráttu eins eða tveggja sannleikselskandi blaðamanna. Önnur eins vandræði hafa áður steðjað að Bandaríkjunum í óteljandi dæmum og aldrei hefur bandaríska auðvaldið átt í vandræðum með að þagga niður þessar raddir hversu sannar sem þær hafa verið.

Andstæðingar Nixons sem höfðu að baki sér auðhringi þá og stórfyrirtæki sem kepptu við þau fyrirtæki sem hann og stjórnmálaklíka hans höfðu tekið upp á arma sína (en það voru eðlilega þau fyrirtæki sem boðið höfðu hæstu múturnar höfu heilagt stríð gegn Nixon og þeirri spillingu sem "fylgdi honum og samstarfsmönnum hans". Þessir andstæðingar gengu svo langt að þeir lyftu meira að segja upp litlu horni af lýðræðishulunni og leyfðu almenningi að skyggnast inn í brot af þeirri spillingu og rotnun sem gegnumsýrir bandríska stjórnkerfið. Sjálfir gættu þeir þess að aldrei sæist í úlfsfeld þeirra sjálfra undan sauðagærunni sem þeir sveipuðu sig í. Þeir notuðu Jafnvel tækifærið til að blekkja lýðinn enn meir með því að segja að svo sé lýðræðið mekið að menn eins og Nixon geti ekki setið lengi í forsetastóli án þess að komist upp um á-upp komist svik um síðir. En hversu mikið reyndist lýðræðið vera. Eftir að hafa

FRAMHALD Á BLS.3

Byltingaröflin í sókn á Italíu

Ástandið á Ítalíu einkennist æ meir af vaxandi fjöldabaráttu verkalýðs og fátækra bænda undir stjórn framsæknasta hluta verkalýðsins - gegn fasistahreyfingunni og tilraunum fjármálaauðvaldsins til að hylma yfir með hryðjuverkum þeirra. Í baráttunni hefur það komið æ betur í ljós að flokkur Kristilegra Demókrata, sem þykist vera á móti fasistunum, styður í rauninni við bak þeirra - verkalýðnum er betur og betur að verða þetta ljóst.
Pólitísk kreppa auðvaldsins á Ítalíu dýpkar stöðugt og barátta verkalýðsins til að einangra og kasta úr röðum sínum sósíaldemókrötum vex með degi hverjum. Fyrir skömmu var hér á ferð félagi í Kommúnistaflokki Ítalíu marxistum-lenínistum - STÉTTABARÁTTAN notaði tækifærið til að kynnast betur ástandinu á Ítalíu - sjá viðtal á blaðsíðu 3.

BYLTINGARHREYFING NÚTÍMANS OG TROTSKYISMINN BLS.6

ALBANIA BLS.5

29 ár frá valdatöku alþýðunnar í Kóreu bls.5

LEIÐARI

Leiðarinn túlkar afstöðu miðstjórnar.

EFNAHAGSÁSTANDIÐ Í HEIMINUM

Eftir að svokallaðar gjaldeyriskreppur hafa herjað undanfarin ár og verið umræðuefni og höfuðverkur auðvaldsins, þá hefur sú kreppa horfið í skuggann af enn alvarlegra ástandi í auðvaldsheiminum. Gjaldeyriskreppan er ekki annað en boðberi þess ástands sem grípur nú kapitalíska heiminn æ fastari tökum. Óðaverðbólga, atvinnuleysi, fjöldauppsagnir og gjaldþrot fyrirtækja eru einkenni og jafnframt afleiðingar offramleiðslukreppunnar sem með jöfnu millibili hrjáir framleiðsluna í auðvaldsskipulaginu.

Verðbólgan, sem hefur aukist með ógnarhraða í auðvaldsheiminum að undanförnu, verður þess valdandi að kaupmáttur launa minnkar, það leiðir síðan af sér að markaðurinn í viðkomandi löndum dregst saman og það orsakar enn frekara atvinnuleysi. Fjöldaatvinnuleysi er nú ekki undantekning heldur regla í flestum stærri auðvaldsríkjum. Ástandið kemur til með að versna, samkvæmt spá ýmissa borgaralegra hagfræðinga verður aukning atvinnulausra allt að 4 milljónum í V-Evrópu á næsta ári og viðskiptajöfnuður V-Evrópuríkja mun verða óhagstæður um 25 billjónir dollara (skv. spá OECD).

Á stjórnmálasviðinu hefur þetta ástand endurspeglast í því að hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur fallið og "þjóðarleiðtogarnir" fallið í skugga gleymskunnar. Í öllum Efnahagsbandalagslöndunum, að Luxemburg undanskildu, hefur verið skipt um "forystumenn" á síðustu 18 mánuðum. Í Japan, Kanada, Ísrael, Portúgal, Grikklandi og í Bandaríkjunum hafa stjórnir og leiðtogar fallið eða rétt hangið á hálmstrái. Hérlendis hefur stjórnmálakreppan komið fram í upplausn Alþingis og langvarandi stjórnarkreppu.

Hérlendis hefur verðbólgan verið um 35-40% á síðasta ári og verður ekki undir 40-50% á næsta ári samkvæmt spá borgaralegu hagfræðinganna.

Stöðug sókn borgarastéttarinnar eftir hámarksgróða hefur m.a. komið fram í þeirri geysilegu uppbyggingu framleiðslutækja, sem togarakaupin og uppbygging frystihúsanna eru skýrustu dæmin um. Þessi blinda gróðasókn, sem stýrir gangi framleiðslunnar segir nú til sín eins og í kreppunni 1967-68. Offramleiðsla á sjávarafurðum og jafnframt rányrkja á fiskistofnunum orsaka kollsteypu framleiðslunnar.

Afleiðingarnar af stjórnleysi auðvaldsframleiðslunnar bitna harðast á verkalýðsstéttinni. Gagnvart verkalýðnum hefur þetta ástand birst sem sífelldar aðgerðir til þess að skerða lífskjörin. Gengisfelling, vísitölufals, skattahækkanir. Vísitölubinding launa er afnumin á sama tíma og verðhækkunaralda skellur á, þótt heita eigi verðstöðvun. verðstöðvun er því ekkert nema kaupstöðvun og aldrei ætluð til annars.

STEFNUYFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNARINNAR

Það er í ljósi þessa ástands, sem skoða verður stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar "nýju", þ.e. að verkefni hennar eru fyrst og fremst að skerða kjör verkalýðsins til þess að þjóna hagsmunum auðvaldsins. Stefnuyfirlýsingin er beint framhald af starfi fyrri ríkisstjórnar og sú nýja kemur til með að framkvæma eðlislega sams konar aðgerðir. Stefnan er svo keimlík, að þegar Ragnar Arnalds ætlaði að lýsa andstöðu Alþýðubandalagsins við stjórnina, þá gat hann ekki sagt annað en "að flest benti til þess að þetta verði hægri stjórn."

Í stefnuyfirlýsingunni er almennt tal um að tryggja atvinnuöryggi, treysta hag ríkissjóðs, sporna við verðbólguþróun o.s.frv. Og auðvitað á að gæta hagsmuna hinna lægst launuðu - það eru allir borgaralegu flokkarnir jafn-sammála um og að það þurfi að skerða kjör verkalýðsins til þess að "draga úr kapphlaupi kaups og verðlags." Þessi ríkisstjórn, á sama hátt og hin fyrri, kemur til með að gera ráðstafanir, sem eingöngu miða að því að tryggja og auka gróða borgarastéttarinnar. Það gerir hún með því að hækka beina og óbeina skatta, fella gengið (eða láta það síga), afnema vísitölubindingu launa og með vísitölufalsi í formi niðurgreiðslna rétt fyrir útreikning vísitölunnar, sem síðan að loknum útreikningum er tekin úr sambandi. Í takt við kreppuástandið mun hún framkvæma efnahagsaðgerðir sem skerða kjör verkafólksins. Allt þetta bendir ekki til þess að þetta sé hægri stjórn eins og Ragnar Arnalds segir, heldur sýnir það að ríkisvaldið þjónar hagsmunum auðvaldsins hverjir svo sem sitja í ráðuneytunum.

"VINSTRI" EÐA HÆGRI STJÓRN - HVER ER MUNURINN?

Það er enginn eðlismunur á núverandi stjórn og "vinstri"stjórninni. Munurinn á þessum tveimur stjórnum og aðgerðum þeirra verður eingöngu skoðaður raunhæft út frá því hvernig efnahagsástandið er, þ.e.a.s. dýpkandi heimskreppu. Allsstaðar í auðvaldsheiminum setur dýpkandi offramleiðslukreppa mörk sín á aðgerðir ríkisstjórnanna. Það kemur fram sem harðnandi árásir á laun verkalýðsins og tilraunir til þess að hefta kjarabaráttu hans og pólitísk réttindi. Stjórnarsáttmálinn nýji er barn síns tíma-hann miðar að því að auka áhrif ríkisvaldsins á gerða kjarasamninga: "þar kemur til skoðunar m.a. fyrirkomulag á greiðslu vísitölu og vinnuaðferða við gerða kjarasamninga" (stefnuyfirlýsin ríkisstjórnarinnar, 29.8. 1974). Þetta ákvæði gefur stjórninni heimild til að haga vísitöluuppbótum á kaup að eigin vild, og gefur einnig til kynna að ríkisstjórnin ætlar að hafa mun meiri áhrif á gerð kajarasamninga með fastara skipulagi: "haft sé náið samráð við aðila vinnumarkaðarinns og komið fastri skipan á samráð ríkisstjórnarinnar við þá" (sama rit). Munurinn á þessari ríkisstjórn og "vinstri"stjórninni er því aðeins stigsmunur. Þessi stjórn verður að gera sínar kjara- og réttindaskerðingar gegn verkalýðnum með beinum lagasetningum, en "vinstri" stjórnin gat notað verkalýðsforystuna til að svíkjast aftan að verkalýðnum til að framkvæma sömu hluti. Þetta sést vel á því hvernig Alþýðubandalagið reynir nú að hvítþvo sig af kjaraskerðingum þeim sem nú er verið að gera - þó að þetta séu í engu grófari aðgerðir en "vinstri"stjórnin hafði áætlað. Það eina sem mætti segja að bæri á milli þessara stjórna er afstaðan til NATO og brottfarar hersins - fyrri stjórnin daðraði við hugmyndina um að láta herinn fara - en sú núverandi lýsir því afdráttarlaust yfir fullum stuðningi við NATO og að herinn fari hvergi.

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ:"VINSTRI SNÚ"

Hin snarlega vending Alþýðubandalagsins hefur tæplega dulist nokkrum. Allar aðgerðir "nýju"stjórnarinnar eru úthrópaðar á síðum Þjóðviljans - þótt um sé að ræða samskonar eða svipaðar aðgerðir og Alþýðubandalagið var búið að samþykkja á "vinstri"stjórninni. Þessi afstaða, að snúa fullkomlega við blaðinu til þess að reyna ða fela eigin eðli, afhjúpar lýðskrum AB-kratanna. Það er ekki langt síðan að Þjóðviljinn sagði að:

> "Nú er komið að því, að við verðum að axla byrðar, jafnvel þyngri en nokkru sinni á eftirstríðstímanum".
> (Þj.v.9/12 ,73)

Þetta var sagt á þeim tíma er "vinstri" stjórnin undirbjó söluskattshækkun, kaupbindingu osfrv. En núna, þegar Óli Jó hefur skipt um sessunauta -og slagorð Íhaldsins "Bless ÓliJó" orðið að slagorði Alþýðubandalagsins - þá er afstaða AB-forystunnar allt önnur. Þessir sömu herrar, sem sjálfir samþykktu bráðabirgðalögin um kaupbindingu og vísitölufals sem bráðnauðsynleg, segja nú að allt efnahagslíf sé í blóma.

DÝPKANDI KREPPA ÞÝÐIR HARÐARI ÁRÁSIR Á LÍFSKJÖRIN

Í dýpkandi kreppu verða árásir auðvaldsins margfalt heiftarlegri gegn kjörum verkalýðsins - og baráttan gegn skerðingu launanna því margfalt harðari og brýnni. Í júní sagði Morgunblaðið að kaupmáttur launa hefði rýrnað um 12% að frádregnum 7% vegna niðurgreiðslu landbúnaðarvöru. Nú hefur þessi rýrnun margfaldast vegna aukinnar verðbólgu, 17% gengisfellingar auk þess sem að söluskatturinn hefur verið hækkarður um 2% án þess að nokkrar launabætur hafi komið á móti. Stefna auðvaldsins er því er að ganga sem harðast á launin til að halda uppi sínum eigin gróða, en hann hefur dregist saman vegna þess hvað þeim hefur gengið illa að selja flestar fisktegundir á háu verði á heimsmörkuðunum.

Gegn kjaraskerðingunum, sem óhjákvæmilega aukast frá því sem nú er, verður verkalýðurinn að vígbúast. En það verður margfalt erfiðara ef ekki tekst að afhjúpa sviksamlega pólitík sósíaldemókratanna og svik uppkeyptu verkalýðsforystunnar sem nú skríður fram og þykist ætla að hefja harða baráttu gegn launalækkununum.

Hættulegasti óvinurinn eru svikararnir í eigin herbúðum verkalýðsins - þá sem leitast ævinlega við að afvegaleiða alla baráttu gegn auðvaldinu og leiða hana til ósigurs. Og hér ræðum við ekki eingöngu kjarabaráttuna, heldur sérstaklega hina mikilvægari baráttu sem er byltingarbarátta verkalýðsins - sem beinist gegn auðvaldskerfinu og fyrir afnámi þess.

Þess vegna verður skilyrði fyrir sérhverri árangursríkri baráttu gegn auðvaldinu að hún beinist jafnframt gegn uppkeyptu svikurunum í eigin röðum verkalýðsins. Það sem er því mikilvægast fyrir skipulagningu baráttunnar er sjálfstæð skipulagning verkalýðsins á byltingarsinnuðum grundvelli - því efnahagslegu umbæturnar geta aldrei orðið annað né meira en molar af borði byltingarsinnaðrar baráttu verkalýðsins. 3/9

Hafið samband við KSML

Eskifjörður: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Emil Bóason, Hátúni, sími 6138.

Húsavík: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Þórarinn Ólafsson, Uppsalavegi 21.

Ísafjörður: Stuðningsdeild KSML, Agnar Hauksson, Tangagötu 20, sími 3651.

Neskaupstaður: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Magnús Sæmundsson. Nesgötu 5.

Suðurnes: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Hrólfur B. Ágústsson, Háaleiti 5, Keflavík.

Selfoss: Fulltrúi KSML er Ómar Harðarson, Engjavegi 42, sími 1868.

Vestmannaeyjar: Fulltrúi KSML er Ragnar Sigurðsson, Herjólfsgötu 9

Reykjavík: KSML, Skólastræti 3B eða pósthólf 1357, sími 27800. Fulltrúi samtakanna er til viðtals á opunanartíma Rauðu stjörnunnar.



Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM

RAUÐI FÁNINN

1-2. tbl. 1974 Rauða Fánans er komið út. Meðal efnis er:
Ályktun landsráðstefnu KSML.
Um verkalýðsmál.
Um fræðilegu baráttuna innan KSML
Frá II. þingi Kominterns:
Faglega hreyfingin og verksmiðjunefndirnar.
Afstaða G. Skúlasonar.
Enver Hoxa: Um söguburð.

UMRÆÐUHORNIÐ

Fræðileg umræða og skilgreining er lífsnauðsyn hverjum kommúnískum flokki. Án skoðanabaráttu og framþróunar fræðikenningarinnar getur flokkurinn ekki barist fyrir verkefnum sínum og leitt verkalýðinn til sigurs yfir borgarastéttinni. Eins og málum er háttað nú kemur fræðilegt málgagn KSML ekki út nema ársfjórðungslega, og það hefur sýnt sig að sá vettvangur er of takmarkaður fyrir umræðurnar sem eru samtökunum og framþróun fræðikenningarinnar nauðsynlegar. Ritstjórn Stéttabaráttunnar hefur því ákveðið að opna "Umræðuhornið" sem hér birtist í fyrsta sinn. Það er von okkar að sem flestir félagar, verkamenn og aðrir sem vilja vinna að framþróun stefnu KSML, sendi greinar í "hornið". Sökum plássleysis í blaðinu er æskilegt að greinarnar verði ekki mikið lengri en 1 1/2 vélrituð örk (A 4)

UM AFSTÖÐU VINSTRI-HENTISTEFNUNNAR TIL ÁSTANDS BYLTINGARHREYFINGARINNAR.

Innan KSML hafa allt frá upphafi viðgengist rangar hugmyndir um það, á hvaða stigi íslenska byltingarhreyfingin er, eða hvernig vexti hennar er háttað. Þó (og að vissu leyti vegna þess) að þessar hugmyndir hafi aðallega átt fulltrúa sinn í vinstri hentistefnu Gústafs Skúlasonar, sem ekkert á sameiginlegt með kommúnisma né íslenskri verkalýðshreyfingu, þá er okkur skylt að berjast fyrir réttri og nákvæmri skilgreiningu á stöðu íslensku byltingarhreyfingarinnar. Þannig bætum við þekkingu okkar og aukum hæfni okkar til að framfylgja henni í starfi.

Í þessari stuttu grein er þó ekki ætlunin að gera nákvæma úttekt á stöðu byltingarhreyfingarinnar eða að auglýsa "vinstri"-klíkuna í kringum GS með því að fara út í ritdeilur við hana, heldur að kveða niður alla tvílráða afstöðu í umræddu máli (þessi reikula afstaða er örugglega fyrir hendi og kemur fram í því að (1) aldrei hefur verið gert nægjanlega upp við byltingarórana, sem fram komu í "Héðinsævintýrinu" svokallaða, sem vinstri-"kommúnistinn" GS hafði forystu fyrir (sbr. Stéttabaráttuna 6, ´73) og (2) ekki hefur verið barist gegn yfirborðskenndum staðhæfingum GS varðandi stöðu byltingarhreyfingarinnar, sem fram koma í "framlagi" hans til fræðilegu baráttunnar (sbr. Rauða Fánann 1-2, ´73 bls. 31 o. áfr.)).

En hvernig hefur hin ranga skoðun á byltingarhreyfingunni komið fram, svo spurt sé um staðreyndir? Gefum þeim, sem lengst hefur "þróað" hana, orðið:

> "En byltingaraldan er í sókn á Íslandi með tilkomu KSML, á því leikur enginn vafi. Bardagaaðferðunum verður KSML því að haga í samræmi við þá staðreynd. Reynslan frá byltin gunni í Rússlandi sýnir okkur, að þau baráttuform, sem tóku við hvert af öðru á þeim dögum er byltingaraldan reis, voru: "pólitísk verkföll á ýmsum stöðum, pólitískar kröfugöngur, pólitískt allsherjarverkfall, vopnuð uppreisn og byltingarsinnuð kjörorð." (Stalín: Lenínisminn, bls. 80)... En ef það er rétt að (þetta) hafi orðið til þess að hjálpa milljónafjölda lýðsins til að læra af "eigin reynslu, að komast að raun um nauðsynina á að steypa hinu gamla drottnunarvaldi' (sama rit, bls. 87), liggur það þá ekki í augum uppi, að borgarastéttin muni verða yfir sig hrædd við "pólitísk verkföll á ýmsum stöðum, .. (o.s.frv.)", því í þeim sér hún stéttarmeðvitund verkalýðsfjöldans aukast og samtakamátt hans styrkjast og grundvelli hins gamla drottnunarveldis ógnað?"
> (Rauði Fáninn 1-2, ´74, bls. 32).

Við skulum líta á þetta nánar. Vinstri róttæklingurinn okkar byrjar á því að lýsa því yfir að með tilkomu KSML sé byltingaraldan í sókn á Íslandi. Þetta eru engar smáræðis ýkjur. Hið rétta er auðvitað: stofnun KSML merkir a) vaxandi útbreiðslu heimsbyltingarhreyfingarinnar, b) fyrstu markvissu en þó riðandi skrefin, sem tekin hafa verið í fjörutíu ár, í átt til sameiningar sósíalismans og íslensku verkalýðshreyfingarinnar. Og bardagaaðferðunum verður KSML auðvitað að haga í samræmi við þá staðreynd, því hún þýðir jafnframt, að þorri verkalýðsins er enn undir áhrifum endurbótasinnanna, þjóðfélagslegrar höfuðstoðar borgarastéttarinnar.

Það er ekki um það að ræða, að byltingaraldan, þ.e. ingaraldan sé að rísa, þ.e. valdatakan sé á næsta leyti, eins og gefið er í skyn með fyrri tilv. í Lenínismann eftir Stalín, og bardagaaðferðunum því hagað eftir lýsingu hans, heldur liggur mesta starf okkar í því að vinna fjölda verkalýðsins undan áhrifum borgarastéttarinnar og skósveina hennar og til fylgis við sósíalismann. Því er ljóst að hér ræðir um hreina afskræmingu á fræðikenningu Leníns og Stalíns.

Það er einnig ljóst, að þegar Stalín ræðir um nauðsyn þess "að gefa lýðnum tækifæri til, af eigin reynslu, að komast að raun um nauðsynina á að steypa hinu gamla drottnunarvaldi..", þá á hann fyrst og fremst við hið þrautseiga og oft erfiða starf við afhjúpun borgaralega þjóðfélagsins og pótintáta þess frammi fyrir verkalýðnum, en ekki valdatökuna sjálfa þegar fjöldinn hefur þegar öðlast þessa eigin reynslu (annars gæti byltingin að sjálfsögðu ekki átt sér stað). Þannig falsar vinstri róttæklingurinn Lenínismann tvívegis í aðeins tveim tilvitnunum.

Að lokum aðeins nokkur orð varðandi hræðslu borgarastéttarinnar, sem réttilega er nátengd réttri bardagaaðferð. Lenín hafði þetta að segja um hræðsluna:

> "Hinar drottnandi stéttir um allan heim eru sérstaklega hræddar við þær breytingar sem eiga sér stað í fagfélagahreyfingunni. Í Evrópu eru þær ekki hræddar við horfurnar á að standa andspænis flokki, sem leitt gæti hina byltingarsinnuðu öreigastétt, eins og raunin varð á í rússnesku byltingunni, þegar flokknum var á nokkrum mánuðum, nei, vikum, breytt úr ólöglegum flokki í flokk, sem stýrði herskörum, sem náðu til allrar þjóðarinnar, og studdur var af milljónum manna. Evrópa hefur ekki þekkt slíkan flokk í árabil. En sérhver kapitalisti sér fagfélögin, og veit að þau sameina milljónir verkamanna og að gangverk auðvaldsins brotnar óumflýjanlega niður, nema kapitalistarnir stjórni þeim gegnum foringjana, sem kalla sig sósíalista en framkvæma pólitík kapitalistanna. Þetta vita þeir, finna og skynja... Alþjóðleg barátta hefur blossað upp um heim allan um forræði fyrir fagfélögunum, fyrir milljónum meðlima í öllum siðmenntuðum löndum, því á þeim byggir þetta spilverk, sem ekki er alltaf svo gott að sjá."
> (Lenín: Ræða á fjórða alrússneska þingi verkamanni í fataiðnaði 6. febrar 1921, Collected Works, 32. b. bls. 116-117.) -/óhs

STYÐJIÐ UPPBYGGINGU KOMMÚNISTAFLOKKSINS
Gefið í baráttusjóð KSML
Póstgíró 42000

KSML byggja að öllu leiti á stuðningi verkafólks og þeim framlögum sem það lætur af hendi rakna. KSML hafa nú látið gera baráttusjóðsseðla sem eru til sölu hjá félögum samtakanna.

300
300
BARÁTTUSJÓÐUR KSML

Rauða Stjarnan
Bókabúð

Rauða Stjarnan : Skólastræti 3B, Reykjavík. Ath. breyttan opnunartíma: Opið mánud., fimmtud. og föstud. kl. 18-20 og laugard. 10-12.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 8.tbl. 3.árg.
4.sept. 1974
Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj.og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

Byltingaröflin í sókn á Ítalíu



Fyrir skömmu var fulltrúi Ítalska kommúnistaflokksins marxista-lenínista (PCI m-l), Mario Bellini, staddur hér á landi til að kynna sér ástandið hér. Mario var ásamt tveim öðrum félögum PCI (m-l) á ferð um Norðurlöndin og skiptu þeir með sér verkum, þannig að hver þeirra fór um 2-3 lönd og hafði samband við byltingarhreyfingarnar í hverju landi. STÉTTABARÁTTAN notaði tækifærið og hafði viðtal við Mario um ástandið á Ítalíu og baráttuna þar.

ST: Getur þú sagt okkur eitthvað um stjórnmálaviðburði á Ítalíu fyrstu sex mánuði þessa árs?

M: Já, við getum skipt stjórnmálaviðburðunum á Ítalíu í tvennt: barátta alþýðunnar og starfsemi ríkisstjórnarinnar. Hvað varðar baráttu alþýðunnar, þá eru það sex mikilvægir atburðir sem eru athyglisverðir: í fyrsta lagi allsherjar verkfall 20 milljón verkamanna og bænda 27. febrúar, sem beindist gegn stefnu stjórnarinnar; krafist var umbóta, verðstöðvunar, aukinna íbúðabygginga og fleiri sjúkrahúsa. Vaxandi pólitísk virkni verkalýðsins og efnahagsaðgerðir stjórnarinnar urðu stjórn Rumors að falli.

Í öðru lagi stofnun FARP (And-fasíska alþýðufylkingin fyrir endurreisn Ítalíu) í Napólí. Rúmlega 15.000 verkamenn, bændur, konur og ungt fólk leggja líf sitt í byltingarsinnaða stefnuyfirlýsingu fyrir stofnun framvarðar, sem berst fyrir byltingarsinnuðum breytingum á ítölsku þjóðfélagi, þ.e. ríkisstjórn verkamanna og bænda.

Í þriðja lagi aðgerðirnar á 1. maí. Milljónir manna í öllum borgum Ítalíu. Þátttaka í göngum byltingarsamtakanna var mjög mikil. Í Mílanó gengu um 100.000 verkamenn og þar af um 35.000 undir rauðum fánum byltingarinnar.

Í fjórða lagi einstakur sigur alþýðunnar í kosningunum 12. maí um skilnaðarlöggjöfina. 20 milljónir vildu lögleyfa skilnað, en 13 milljónir voru á móti. Atkvæðin sem studdu skilnaðarlöggildinguna voru jafnframt atkvæði gegn kirkjunni og Kristilega Demókrataflokknum. Þessar mikilvægu kosningar eru að okkar áliti upphafið á falli einræðisvalds Kristilega Demókrataflokksins, sem hefur staðið allt frá 1945.

Í fimmta lagi atburðirnir 29. maí. Eftir að fasistar drápu 7 verkamenn og særðu 85 með sprengju á fundi verkalýðsfélaga í bænum Brescia, sem var einmitt haldinn til að mótmæla fasismanum, varð annað allsherjarverkfall með þátttöku 20 milljón verkamanna og bænda. Mótmælaaðgerðir urðu um allt land: í Brescia tóku þátt um 600.000, 300.000 í Mílanó, 300.000 í Napólí og þúsundir og aftur þúsundir í öllum borgum og bæjum Ítalíu. Fólkið hrópaði vígorð gegn fasismanum. Í þessum geysilegu stéttaátökum gegn Kristilegum demókrötum og fasismanum fylkti fjöldinn sér undir mörg byltingarvígorð FARPs og flokks okkar. Mikið af eignum fasistanna, hús o.fl. var brennt og brotið af verkalýðnum í þessum aðgerðum.

Í sjötta lagi í héraðskosningum í Sardegna 15. júlí, sem staðfestu pólitíska kreppu Kristilega Demókrataflokksins; þeir misstu 4% atkvæða.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar og einokunarauðvaldsins veitum við eftirfarandi atriðum athygli:

a. Þrátt fyrir "orkukreppu" jókst ágóði stærsta einokunarfyrirtækis Ítalíu, Fíat, um 20% árið 1973, þ.e.a.s. fleiri milljarða líra.

b. Í desember '73 og janúar '74 ákveða ríkisstjórnin og einokunarvaldið 25% verðhækkun. Ríkisstjórnin kemur á í fyrsta sinn frá tíð fasista beinum sköttum, sem lenda mest á láglaunafólki.

c. Í janúar kemst upp hneykslið um "olíumennina", þ.e. að olíueinokunarhringarnir hafa borgað fleiri milljarða líra til allra þingflokka, svo þeir lýsi því fyrir að það sé "orkukreppa" og hækka um leið verð á bensíni og olíu til upphitunar á íbúðum og skólum.

d. Sem "svar" við þessu hneyksli ákveða allir þingflokkar á aðeins nokkrum dögum (á Ítalíu tekur það venjulega mánuði og ár að setja ný lög) beint ríkisframlag til flokka, þó aðeins þeirra er sitja á þingi. Á þennan hátt raka kristilegir demókratar um 13 milljörðum líra ár hvert og flokkur fasista (MSI) 4 milljarði beint úr vasa verkamanna og alþýðu.

e. Rétt fyrir kosningarnar 12. maí fremja hópar fasista fjölda glæpaverka, skjóta á stúdenta og verkamenn, stiga til bana tvö ungmenni, kasta sprengjum á aðalstöðvar okkar í Mílanó og stöðvar vinstri samtaka um land allt. Og að lokum sprengjan, sem drap 7 manns og særði 85 í Brescia. Enginn er handtekinn. Kristilegir demókratar lýsa yfir á þingi, að þeir séu andfasískur flokkur, þó það sé augljóst að þeir eru mikilvægustu stuðningsmenn þessara aðferða "á bak við tjöldin". Þetta skilur almenningur mæta vel eins og sjá mátti við jarðaförina í Brescia, þegar Rumor forsætisráðherra og aðrir kristilegir demókratar ætluðu að halda ræðu, fóru verkamenn að flauta svo ekki heyrðist í þeim.

ST: Hvert er álit þitt á ástandinu?

M: Almennt séð má segja, að núverandi ástand einkennist af stærstu stjórnmálakreppu kristilegra demókrata síðan 1945. Við teljum þetta ekki vera efnahagslega kreppu eins og er, heldur almenna pólitíska kreppu í ljósi þeirrar staðreyndar, að ágóði einokunarvaldsins eykst gífurlega, og barátta fjöldans kemur í veg fyrir styrka borgaralega stjórn. Ástæðan er sú, að fjöldinn vill ekki óbreytt ástand, þ.e. að allt sitji við það sama, hann vill mjög ákveðið algjöra umbreytingu þjóðfélagsins.

Enn skortir fjöldann meðvitund um það, að aðeins sósíalískt þjóðfélag og sósíalísk bylting til að koma á nýju ríkisvaldi getur leyst úr vandamálunum og uppfyllt efnahagslegar óskir fjöldans. En aðstæðurnar fyrir byltingarsinnað útbreiðslustarf og almenna sókn byltingaraflanna eru mjög góðar. Þetta kemur m.a. fram í kosningasigrinum 12. maí og allsherjarverkföllunum - en einmitt þá var um að ræða fjöldasamtök verkamannanna, sem slitu af sér áhrif endurskoðunarsinnanna og tóku afstöðu fyrir marxismann-lenínismann og byltingarboðskapinn.

Nú fyrirfinnst mjög sterk hreyfing, sem berst fyrir bættum kjörum með verkföllum og 29. maí verkfallið er fyrsta verkfallið frá því um 1960, sem beinist gegn stjórn kristilegra demókrata, og það má segja að síðan hafi verið um að ræða "sprengingu" - sífellt fleiri þesskonar verkföll eiga sér stað. Þetta ástand, ásamt stofnun FARP, sem berst fyrir stjórn verkamanna og bænda, er vottur þess að hreyfingin hefur náð hærra stigi - byltingarmeðvitund fjöldans hefur aukist.

Einokunarhringar auðvaldsins og borgaralegu flokkarnir á Ítalíu reyna að festa stjórnina í sessi með það fyrir augum að geta haldið áfram fasistaseringu ríkisvaldsins; þeir reyna einnig að tryggja aukinn gróða og styrkja sig í baráttu heimsvaldaríkjanna um arðránsaðstöðu, bæði í Evrópu og í þriðja heiminum - en óskir ítölsku alþýðunnar um bættan efnahag eru óleysanleg mótsögn fyrir borgarastéttina.

Við álítum ekki að höfuðandstæðan á Ítalíu sé á milli hættunnar á fasískri valdatöku annars vegar og stöðugleika lýðveldisins hins vegar, en allir þingflokkarnir (nema MSI) og þá sérstaklega endurskoðunarsinnaflokkurinn og Kristilegir demókrata halda þessu fram. Við álítum, að höfuðmóthverfan sé á milli afturhaldspólitíkur einokunarhringjanna og fasistaseringu ríkisvaldsins fyrir tilstuðlan kristilegra demókrata annars vegar og hinna nýju kjarakrafna alþýðunnar hins vegar. Og við vinnum að því að afhjúpa þessa móthverfu, svo að fjöldinn fái stöðugt sterkari löngun til þess að breyta algjörlega pólitískri stefnu ríkisins og þróun framleiðslunnar og framkvæma sósíalíska byltingu til þess að koma á þessari algjöru breytingu.

Við vinnum að þessu, byggjum upp FARP, fjöldahreyfingar til þess að leysa úr innri mótsetningum meðal fólksins og sameina það, einnig byggjum við flokkssellur í iðnaðinum, á landbyggðinni og litlum þorpum. Hér sjáum við einmitt mismuninn á milli marxískrar-lenínískrar hreyfingar og annarra hreyfinga á vinstri væng. Fyrst og fremst berjumst við gegn áhrifum endurskoðunarsinna meðal fjöldans. Aðgerðir endurskoðunarsinnaða flokksins nú, þegar svo djúp pólitísk kreppa hrjáir stjórn kristilegra demókrata, eru að reyna að bjarga þessum afturhaldssama flokki með því að segja að hann sé vinsæll og andfasískur flokkur. Endurskoðunarsinnarnir vilja ekki breyta þessu þjóðfélagskerfi. Þeir segja það berum orðum, að þeir vilji að ríkið geri sömu þjóðnýtingu fyrir hagsmuni Agnelli (forstjóri Fíat) og stærstu einokunarhringa Ítalíu, auk þess verja þeir hagsmuni sósíalheimsvaldasinnanna á Ítalíu. Og aðrir hentistefnuhópar á Ítalíu, sem kalla sig "byltingaröfl", segja að frammi fyrir svo mikilli fasismahættu, verðum við að sameinast endurskoðunarsinnunum og verja lýðveldið, og á þennan hátt vinna þeir hlutstætt í þágu einokunar- og afturhaldsafla.

Að lokum get ég sagt, að þróun fjöldabaráttunnar, hin afarsterku áhrif verkalýðsstéttarinnar á aðrar stéttir í landi okkar, þróun FARP og flokks okkar er hin besta vísbending um frábært ástand á Ítalíu. Auðvitað er vegurinn enn langur og fullur af örðugleikum, og við álítum ekki að við búum í dag við byltingaraðdraganda eða byltingarástand, en allt ástandið er besta tryggingin fyrir því að við erum á góðri leið með að eyðileggja auðvaldskerfið og hugmyndafræðileg áhrif þess meðal fjöldans. Eins og verkamennirnir í OM (járniðja með 3000 starfsmenn) sögðu í Mílanó 29. maí, þegar þeir komu á Duomo torgið eftir sprengjutilræði fasista í Brescia: "Niður með fasismann." "Göngum að fasismanum dauðum." Að vinna að þessum "dauða fasismans", það þýðir að vinna gegn alræði auðhringanna og að byggja upp alþýðuafl með nýrri stjórn verkamanna og bænda. Þetta er markmið okkar fyrir næstu mánuði og ár.

-/hh



PROCESSO POPOLARE
COMITATO NAZIONALE PER LA LIBERTA DI OPINIONE

ALÞÝÐUDÓMSTÓLL Á ÍTALÍU

Eftir morð fasistanna í Brescia (sjá viðtal við Mario Bellini) hefur barátta alþýðunnar gegn fasistiseringu ríkisvaldsins og aðgerðum fasistaflokkanna aukist mjög. "Landsnefnd fyrir frjálsri skoðanamyndun" hefur verið stofnuð að frumkvæði PCI m-l. Nefndin berst gegn skoðanakúgun í hverju formi sem hún birtist. 13. júlí s.l. skipulagði nefndin alþýðudómstól yfir fasistunum og þeim sem segja þeim fyrir verkum, sem myrtu verkamennina átta í Brescia. Þeir voru ákærðir fyrir að bera ábyrgð á morðunum 28. maí s.l. og fjölda annarra árása í Brescia og nærliggjandi héruðum. Alþýðudómstóllinn var haldinn á torginu Piazza della Loggia, þar sem fasistarnir sprengdu á fundi verkalýðsfélaga.

Alþýðudómstólinn skipuðu fulltrúar frá verksmiðjunefndum, ýmsum and-fasískum samfylkingum, gömlum skæruliðum og lýðræðissinnuðum lögfræðingum. Margháttuð sönnunargögn um hryðjuverk fasistanna sönnuðu fullkomlega hlutdeild MSI - DN (þingflokkur fasistanna) og hryðjusveita þeirra. Það kom einnig fram, að þeir fá skipanir sínar frá Kristilega Demókrataflokknum (flokkur Rumors forsætisráðherra) og fjárstuðning frá ítölsku og alþjóðlegu auðvaldi. Alþýðudómstóllinn dæmdi þá seka og sendi frá sér áskorun um að fleiri slíkir dómstólar skyldu haldnir í öllu landinu. Alþýðudómstólarnir eru verkfæri alþýðunnar og eru dæmi um það, hvernig lýðræði verkalýðsins og vinnandi alþýðu er í framkvæmd.

-/hh

GAMLI-FORD

FRAMHALD AF FORSÍÐU

fleygt Nixon út úr sora stjórnmálalífsins, þá er náttúrulega ekki svo ýkja mikill tilgangur í því að halda áfram að beita þessum lögum sem eru svo frábærlega réttlát að þau "ná til allra", nú velta bandarískir lögfræðingar því fyrir sér hvort þeir eigi að halda áfram að nota lögin eða ekki á Nixon. Borgararnir nota lögin bara þegar þeir þarfnast þeirra, enda semja þeir þau sjálfir. Nú þegar Nixon klíkunni hafði verið rutt út úr Hvíta húsinu var opnuð leiðin fyrir "nýja" klíku. Í raun og veru hafði ný klíka tekið sér þar stöðu áður en Nixon hrökklaðist út. Hver á fætur öðrum höfðu nánust samstarfsmenn hans verið "afhjúpaðir" og aðrir tekið við. Meira að segja varaforsetinn, Spirou Agnew hafði verið vikið frá en Ford núverandi forseti tekið við. Og vel að mynda Ford var ekki kosinn af "þjóðinni" og var eins og þeir orða það einmitt þess vegna fulltrúi þjóðarinnar allrar hvernig sem annars er hægt að koma því saman. Að hann er ekki kosinn til forseta afhjúpar betur en flest annað hvernig borgarlega lýðræðið er og getur ekki verið annað fyrir verkalýðinn en réttur til að kjósa um það hver hinna grímuklæddu sjónvarpstrúða verður böðull þeirra næsta kjörtímabil. En hvað hefur Ford svo fram yfir Nixon sem gerir hann að þvílíkum dýrlingi sem hann er gerður að í bandarískum og vestrænum fjölmiðlum (líka hér á Íslandi). Jú, þrátt fyrir víðamikla leit fannst hvergi að hann hefði brotið borgaralögin. Hann hafði þvert á móti aflað sér auðæfa sinna með algjörlega heiðarlegu borgaralegu arðráni og okurstarfsemi. Og varaforsetinn hinn "frjálslyndi" Rockefeller sem telst með ríkustu mönnum Bandaríkjanna og hefur keypt sér feikilegar vinsældir með milljarðagróða sínum. En verður þá nokkur breyting á pólitík Bandaríkjanna. Heildarstefnan helst óbreytt, gegndarlaus útþenslu og drottnunarstefna ráða enn sem áður ríkjum í samskiptum Bandaríkjanna við önnur lönd. Að utanríkisstefnan helst óbreytt sést einna best á því að Kissinger sem hefur verið að heita má einvaldur í utanríkismálum situr enn sem fastast, Hann er einn af þessum mönnum er lýðræðið nær ekki til og þarf ekki að óttast kosningar. Það sem sem sagt ekki á sviði utanríkismála sem pólitík Bandaríkjanna breyttist við að henda út spilltum þorpara eins og Nixon. Siðferði forsetans "hefur engin áhrif" á ákvarðanir hans. Nei, það er í afstöðu til hinna ýmsu auðhringja sem afstaðan breytist, hverjum á að hampa og hverjum á að leyfa að sogast niður í gjaldþrotahringðuna. Ford sjálfur hefur af sinni frábæru skarpskyggni skilgreint verkefni sitt á sviðum efnahagsmála og sem góðum stjórnmálamanni ber lýsir hann yfir því að helsta verkefni sitt og brýnasta sé að berjast gegn verðbólgu (hann hefur líklega fundið undirrót verðbólgunnar eins og Sjálfstæðisflokkurinn fyrir síðustu kosningar). Það er annars íhugunarvert að verðbólgan sem Ford hefur skorið herör gegn í vonlausri baráttu sinni til að viðhalda hinu frjálsa framtaki eins og hann sjálfur orðar það, er ekki nema 1/4 af þeirri verðbólgu sem nú er á Íslandi.

Fyrir verkalýðinn þýðir Ford í forsetaembætti ekkert annað en gamlan kúgara með nýja grímu. Og gríman er meira segja ekki ný af nálinni, heldur búin til af fjölda fegurðarsérfræðinga og ræðuskrifara. Hann er því sannkallaður gamli Ford.

rb/-

ÁLYKTANIR 1. RÁÐSTEFNU KSML
Niður
komm
Reynslan af kjarabaráttunni
Um verkföll
Díalektísk og söguleg efnishyggja

Lesið bæklinga KSML

UM VERKFÖLL. (eftir Lenín)
50/- kr.
REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI.
(Ályktun Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga frá 1929 um baráttuaðferðir í verkföllum)
50/- kr.

ÁLYKTANIR 1. RÁÐSTEFNU KSML.
150 kr.

DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN (eftir Stalin)
(2. námsfundur í námshring KSML með formála og eftirmála KSML)
150 kr.

UM FLOKKINN
(5. námsfundur í námshring KSML með formála KSML) 150 kr.

P. Box
1357
Rvk.
Sími
27800.

LENÍN STALÍN forlagið

USA OG SÓSÍALHEIMSVALDASINNARNIR ÁSÆLAST KÝPUR

Sjálfstæðismissir og uppskipting Kýpur nú er aðeins framhald af þeirri miklu baráttu, sem sífellt hefur færst í aukana milli stórveldanna tveggja, USA og Sovétríkjanna, um yfirráðin yfir Austur-Miðjarðarhafinu. Það er engin tilviljun að Kýpur, hin gamla nýlenda Breta, verður nú að sjá á bak sjálfsákvörðunarrétti sínum og sameiningu þjóðar sinnar. Landfræðileg lega eyjarinnar, aðeins 40 mílur frá ströndum Tyrklands, 60 mílur frá Sýrlandi og nálægð hennar við norðurmynni Súesskurðarins, gerir það að verkum að allir heimsveldissinnar, sem ráðvilja lögum og lofum á Austur-Miðjarðarhafi hafa orðið að ráða Kýpur beint eða óbeint. Það var heldur engin tilviljun að það var einmitt frá Kýpur, sem breski flotinn í seinni heimsstyrjöldinni hóf sókn sína inn á Eyjahafið - en þar áttu Þjóðverjar enga möguleika, m.a. vegna þess að þeir réðu aldrei Kýpur. Mikilvægi Kýpur er meira að segja svo mikið, að í lok heimsstyrjaldarinnar voru gerðar miklar áætlanir um að gera Kýpur að "alþjóðaheimili fyrir Gyðinga", sem myndi þjóna sama hlutverki fyrir botni Miðjarðarhafs og Ísrael gerir í dag: sem heimsvaldasinnaður "litli bróðir" í Vestur-Asíu. Það er heldur engin tilviljun að auk þeirra hermanna, sem eru á eyjunni frá Sameinuðu þjóðunum, teljast hermenn í flotastöðum Breta á eyjunni vera um 7000 manns. Þrátt fyrir þetta mikla mikilvægi Kýpur í Austur-Miðjarðhafinu, sem helst má líkja við stöðu Möltu í Vestur-Miðjarðarhafi, urðu Bretar fyrir 14 árum síðan að veita eyjunni sjálfstjórn. Eftir áratuga harða og hetjulega baráttu alþýðu Kýpur gegn yfirráðum þeirra á Kýpur megnuðu Bretar ekki að halda eyjunni lengur og veittu henni sjálfstjórn "undir sinni vernd", enda voru tennur breska ljónsins farnar að hrynja niður af elli, en annað stórveldi í vestri farið að láta til sín taka.

Það er heldur enginn vafi á því að valdarán Simpsons herforingjaklíkunnar 15. júlí var undirbúið af USA heimsvaldasinnunum og skipting eyjarinnar í þeirra þágu, því áform þeirra var einmitt að skipta eyjunni og innlima hana síðan alla eða hluta inn í NATO, þar sem þeir síðan töldu sér auðvelt að ná fótfestu á eyjunni. Innrás Tyrkja 20. júlí og hernám á hluta hennar rak svo smiðshöggið á verkið og á að tryggja að sameining og sjálfstæði Kýpur verði ekki endurheimt. USA-heimsvaldasinnarnir gátu ekki, vegna sinna eigin sérhagsmuna og streði eftir heimsyfirráðum, þolað tilraun stjórnar Makaríusar til að reka sjálfstæða og óháða utanríkisstefnu.

Þeir gátu ekki þolað hinum 600.000 íbúum eyjarinnar að gera út um sín mál sjálfir, því að þeir voru vissir um að í því uppgjöri yrðu bandarísku heimsveldishagsmunir þeirra í Austur-Miðjarðarhafi fyrir borð bornir. Hagsmunir USA-heimsvaldastefnunnar krefjast arðráns og kúgunar á alþýðu Kýpur.

Óljósar fréttir eru um að verið sé að endurreisa skæruliðahersveitir á Kýpur og verður þess nú ekki lengi að bíða, að alþýða Kýpur rísi gegn leppstjórn USA þar og innrásarliði Tyrkja. Það getur því farið svo, að Kýpur verði í brennidepli heimsfréttanna um langan tíma enn.

Hvers vegna Kýpur missti sjálfstæði sitt nú:

- Hernaðarlega séð er Kýpur mjög mikilvægt land í Austur-Miðjarðarhafi í samhengi við Vestur-Asíu.
- Stórveldin tvö, USA og Sovét, berjast um yfirráðin í þessum heimshluta og í því stríði eru það USA-heimsvaldasinnarnir, sem eru í framsókn.
- Kýpur heppnaðist undir stjórn Makaríosar að verja þjóðlegt sjálfstæði sitt og barðist fyrir því með oddi og egg að stilla sér upp við hlið óháðra ríkja.

Hvernig USA-heimsvaldasinnarnir framkvæmdu valdaránið:

- USA studdi opinberlega valdarán Nikos Sampsons-klíkunnar fyrstu dagana í gegnum utanríkisráðherra sinn, Kissinger.
- Nikos Sampson hefur, ásamt bandaríska blaðamanninum Frank Anderson, í mörg ár notið stuðnings bandarísku leyniþjónustunnar CIA.
- EOKA-samtökin á Kýpur, sem opinberlega framkvæmdu valdaránið eru mjög einangruð. Samkvæmt einstökum heimildum frá Kýpur hafa þau stuðning í hæsta lagi 1% af Kýpurgrikkjum.
- Herforingjastjórnin í Aþenu hafði allt frá því 1967 verið mjög bundin USA og myndi aldrei hreyfa sig án samþykkis frá Whasington.
- Einni viku fyrir valdaránið heimsótti Roger Davis, formaður nefndarinnar um Asíumálefni í bandaríska utanríkisráðuneytinu, Nikosíu. Þá hélt hann m.a. fund með Nikos Sampson.

En USA-heimsvaldasinnarnir eru ekki þeir einu sem sækjast eftir Kýpur og yfirráðum á Miðjarðarhafinu. Þrátt fyrir það, að Sovétríkin hafi nú lýst því yfir, að þeir krefjist þess að Kýpur endurheimti sjálfstæði sitt, voru það einmitt þeir sem studdu innrás Tyrkja fyrstu dagana. Yfirlýsing þeirra nú þjónar aðeins þeirri pólitík þeirra að reyna á allan hátt að blanda sér í málin. Sósíalheimsvaldasinnarnir eru nefnilega í reynd sjálfir að streðast við að fá fótfestu á Kýpur, fyrir hinn mikla flota sinn á Miðjarðarhafi. Tilraunir þeirra til að ná valdaaðstöðu í Austur-Miðjarðarhafi opinberast m.a. á hafréttarráðstefnunni í Caracas, en þar var m.a. tillaga frá þeim, að "lýst verði yfir alþjóðanýtingu á öllum mikilvægustu siglingaleiðum heimsins." Þar eru hinar mikilvægu siglingaleiðir þeirra um yfirráðasvæði Tyrkja, Bosporus og Dartanellasund, auðvitað meðalin.

Þetta skýrir m.a. aðstoð þeirra við Tyrki í fyrstu (sem aðeins í augnablikinu þjónar ekki heimsvaldapólitík þeirra) og það er öruggt, að Tyrkir eiga ætíð von á "stuðningi" úr austri. USA og sósíalheimsvaldasinnarnir, að hluta til í samvinnu og að hluta til í baráttu sín á milli, sækjast eftir heimsyfirráðum og er Kýpur aðeins enn eitt dæmi um þessa staðreynd.

Gegn þessari útþenslustefnu stórveldanna verður alþýða heimsins að berjast undir forystu sósíalísku ríkjanna. Sérstaklega verður baráttan að beinast gegn útþenslu og árásarstefnu sósíalheimsvaldasinnanna í Kreml gegn sósíalísku ríkjunum og alþýðu kúguðu þjóðanna.

KSML styðja heilshugar yfirlýsingu albönsku ríkisstjórnarinnar frá 24. júlí, en þar segir að lokum:

> "Ríkisstjórn alþýðulýðveldisins í Albaníu og albanska alþýðan hefur stutt og styður varðveislu og virðingu fyrir sjálfstæði, fullveldi og sameiningu lýðveldisins Kýpur, virðingu fyrir fullum og jöfnum rétti grísku og tyrknesku samfélaganna, til þróunar og framfara fyrir alþýðu Kýpur!"

Sé þessi afstaða Albana borin saman við heimsyfirráðabrambolt endurskoðunarsinnanna í Kreml, getur enginn verið í vafa um að sósíalheimsvaldastefnan er svik við stefnu Leníns og Stalíns, við alþjóðahyggju öreiganna og svik við kúgaða alþýðu heimsins.

-/ea

framhald af bls.5

ALBANIA:

eiginleika hennar, og hefur jafnframt skilgreint hlutstæðu og árangursríku leiðirnar til að berjast gegn henni. Það er skoðun flokks okkar, að innra eðli baráttunnar gegn skriffinnskunni sé fólgið í því að koma til leiðar mjög nánu sambandi milli leiðtoganna og fjöldans... (bls. 119)

...Það er aðeins hægt að berjast gegn skriffinnskunni með árangri, ef fjöldinn sjálfur tekur virkan þátt í baráttunni. Þessi hugmynd Leníns hefur verið þróuð og beitt hlutstætt af okkar flokki. Hugmyndir félaga Enver Hoxha um eftirlit verkalýðsstéttarinnar hafa mikla fræðilega og starfræna þýðingu. Grundvallarspurningin í þessu sambandi er sameining leiðandi hlutverks verkalýðsstéttarinnar að ofan gegnum flokkinn og öreigaríkið við beina stjórn hennar að neðan sem stéttar, er fer með völdin." (bls. 121)

Lítum aðeins nánar á beina stjórn verkalýðsins í Albaníu og eftirlit hans með framleiðslunni. Í alræði öreiganna er lýðræðislega miðstjórnaraflið sú grundvallarregla, sem gagnsýrir allt þjóðfélagið - ekki aðeins hvað snertir pólitíska og fræðilega leiðsögn flokksins, heldur einnig á sviði framleiðslunnar. Lýðræðislega miðstjórnaraflið er þannig í verki í framleiðslunni, ef við hugsum okkur einhverja verksmiðju sem dæmi, að stjórn verksmiðjunnar, sem í eiga sæti verkamenn frá öllum deildum verksmiðjunnar, kemur saman til að ræða framleiðsluáætlunina fyrir næsta tímabil og leggja drög að henni. Síðan ræðir verkafólkið í öllum deildum verksmiðjunnar tillögurnar, gerir sínar athugasemdir, sem því næst eru sendar stjórninni, sem aftur vinnur úr þessum athugasemdum og semur fullmótaða heildaráætlun fyrir framleiðsluna. Verkafólkið hefur þess vegna alla möguleika á að gagnrýna stjórn verksmiðjunnar og kjósa nýja menn í stjórnina, ef svo ber undir. Þannig sameinast virkt lýðræði og sterkt miðstjórnarafl, því án einingar getur ekki verið um lýðræði að ræða og án lýðræðis getur ekki verið um einingu að ræða.

Sósíalískur efnahagur byggir á pólitísku valdi hins vinnandi fjölda. Ef fjöldinn er ekki virkur í því að móta sameiginlega heildaráætlun og framfylgja henni í verki samkvæmt grundvallarreglum lýðræðislega miðstjórnaraflsins getur ekki verið um sósíalískan efnahag að ræða. Markmið sósíalíska efnahagsins er að koma til móts við þarfir fjöldans - m.ö.o. í sósíalismanum er manneskjan dýrmætasti höfuðstóllinn.

Gagnstætt þessu er auðvaldsþjóðfélagið, sem við búum við, er grundvallast á einkaeign örfárra manna á framleiðslutækjunum og hefur að markmiði hámarksgróða, sem kapítalistarnir kreista út úr vinnu verkamannanna með því að arðræna þá og kúga miskunnarlaust.

Þess vegna, verkamenn, förum að dæmi stéttarbræðra okkar í Albaníu og hvarvetna þar sem sósíalísku þjóðskipulagi hefur verið komið á með sigursælli baráttu verkalýðsins, steypum kúgurum okkar og arðræningjum af stóli, byggjum okkar eigið ríkisvald og skipuleggjum framleiðsluna með þarfir heildarinnar fyrir augum. Þannig getum við best stutt stéttarbræður okkar um heim allan og sýnt sanna alþjóðahyggju öreiganna í verki.

-/sjó

FRAMHALD AF BLS.5

29 ár frá valdatöku alþýðunnar í Kóreu

Nauðganir, pyntingar og morð eru daglegt brauð. Í borgum landsins vex spillingin og ólifnaðurinn óðfluga, vændi, eiturlyfjaneysla og þjófnaður eru hvarvetna í kringum útsendara heimsvaldastefnunnar.

En það eru gamalkunn sannindi, að "lönd vilja frelsi, þjóðir vilja sjálfstæði og alþýðan vill byltingu". Mikil alda til sjálfstæðis og afnáms fasismans fer ört vaxandi meðal stúdenta og verkamanna. Háskólar hafa verið lokaðir í nokkurn tíma til að torvelda menntamönnum að skipuleggja aðgerðir sínar og allt eftirlit með verkamönnum í verksmiðjunum hefur verið stóraukið. Þrátt fyrir þessar aðgerðir vex mótspyrnan og kommúnistar setja stöðugt meiri svip á baráttuna, þrátt fyrir að þeir þurfi að vinna allt skipulagsstarf með fyllstu leynd.

Baráttan fyrir sameiningu Kóreu.

Í dag er sameining Kóreu það mál sem alþýða Kóreu hefur sett á oddinn. Hvað eftir annað hefur stjórn N-Kóreu reynt að koma á viðræðum um sameininguna, en þær hafa hingað til aldrei orðið meira en á pappírnum, þar sem enginn raunverulegur áhugi er fyrir þeim af hálfu Park-klíkunnar. Fjórða júlí 1972 var þó stofnuð nefnd til að vinna að friðsamlegri sameiningu og nokkrum samskiptum komið á milli landshlutanna, en síðan ekki söguna meir.

Ljóst er að eina leiðin fyrir alþýðu S-Kóreu er alþýðustríðið, sem sannað hefur gildi sitt sem eina leiðin fyrir kúgaða alþýðu í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni.

KSML lýsir yfir fullum stuðningi við sósíalíska uppbygginguna N-Kóreu og baráttu kóreönsku alþýðunnar fyrir sameiningu landsins.

-/hg

FRAMHALD AF FORSÍÐU

GUINEA BISSAU

sem fela í sér viðurkenningu Portúgalsstjórnar á sjálfstæði Guinea-Bissau eru þessi:

- Portúgalsstjórn mun formlega viðurkenna sjálfstæði Guinea-Bissau þann 10. september.
- Óopinbera vopnahléð sem ríkt hafði í landinu síðan Spínóla gerði stjórnarbyltinguna varð opinbert við undirritun samningsins.
- Allir protúgal ir hermenn skulu á brott úr landinu fyrir lok október.
- Portúgal og Guinea-Bissau munu taka upp náið samstarf á sviði efnahags-, menningar- og tæknimála.
- Löndin munu skiptast á sendiherrum þegar Guinea-Bissau hefur formlega hlotið sjálfstæði þann 10. september.
- Grænhöfðaeyjur munu fyrst um sinn ekki taldar hluti af lýðveldinu, en íbúar þeirra munu sjálfir ákveða framtíð sína með þjóðaratkvæðagreiðslu.

KSML hylla sigra alþýðunnar í Guinea-Bissau og lýsa yfir fullum stuðningi sínum við hið nýstofnaða lýðveldi.

MÓSAMBÍK: Alþýðan fram til sigurs

Mósambísk alþýða hefur unnið marga stóra sigra og bætt mjög stöðu sína síðan hún hóf vopnaða baráttu 25. september 1964. Þetta er ávöxtur þrautseigrar og hetjulegrar baráttu fyrir hið erfiða verkefni að kasta af sér oki nýlendustefnunnar og fyrir þjóðlegt sjálfstæði.

Alþýða Mósambík heldur áfram hetjulegri baráttu sinni fyrir markmiðið að öðlast sjálfstæði undir leiðsögn FRELIMO, Frelsisfylkingar Mósambik.

STYRKUR ÞJÓÐFRELSISHERJANNA VEX STÖÐUGT

Strax 1972 höfðu þjóðfrelsisherjirnir frelsað nærri 1/4 hluta mósambísks landssvæðis með íbúafjölda upp á 1 milljón. Það hafa orðið sterk viðbrögð við hvatningu miðstjórnar FRELIMO í lok ársins 1972 um að hefja allsherjarbaráttu á öllum vígstöðvum og mynda nýja víglínu.

Herirnir hafa víkkað út áhrif sín í suðurhluta Tete-héraðs og opnað nýjar víglínur í Manica-Sofala. Þeir hafa nú fært út aðgerðir sína til sex af níu héruðum Mósambík, það er, til allra nema þriggja héraða í suðri.

Vaxandi af styrk í baráttunni, hafa þjóðfrelsisherirnir, sem í byrjun töldu ekki meir en 70 manna lið skæruliða, yfir 10000 liðsmenn. Með algjöran stuðning alþýðunnar, brennandi hatur á nýlendustefnunni og ákveðnir í að öðlast þjóðlegt sjálfstæði hafa þeir sett betur vopnaðan og margfalt fjölmennari nýlenduher Portúgala í algjöra varnarstöðu og tekið allt frumkvæði á vígvöllunum.

AÐSTÆÐUR SKAPAÐAR FYRIR ENN STÆRRI SIGRA

Árangur hernaðarsigranna hefur komið fram í styrktri stöðu frelsuðu svæðanna, uppbyggingin hefur verið hafin af fullum krafti og gífurleg framþróun hefur átt sér stað, bein afleiðing þess að hinn mikli sköpunarmáttur alþýðunnar hefur verið leystur úr læðingi. Þetta hefur skapað möguleika fyrir enn stærri sigra. Á þessum svæðum hefur alþýðan afnumið öll lög og allar reglur nýlendukúgaranna og tekið upp nýjar, sem miðast við þarfir hennar. Smábændur hafa verið skipulagðir til að rækta korn og iðnaðarhópar í virkan stuðning við þjóðfrelsisherina. Umtalsverður árangur hefur einnig náðst á sviði menntunar og heilsugæslu á frelsuðu svæðunum. 98% íbúanna í Mósambík var ólæs á drottnunarskeiði portúgölsku nýlendusinnanna. 1972 voru 160 barnaskólar með 20000 nemendum stofnsettir á frelsuðu svæðunum. Á sama tíma hefur verið hafin menntunarherferð meðal fullorðinna. Hjúkrunarfólk, þjálfað af FRELIMO, starfar nú í fjölmörgum skæruliðastöðvum, landvarnarsvæðum og stjórnarstöðvum. Landvarnarsveitirnar hafa verið skipulagðar á frelsuðu svæðunum til aðstoðar við skæruliða og til að verja svæðin.

RÁÐALEYSI PORTÚGÖLSKU NÝLENDUSVÍNANNA

Sigursæld vopnuðu baráttu mósambísku alþýðunnar hefur sett portugölsku nýlenduherrana í mikla klípu. Siðferðiþrek hermanna í nýlenduhernum er á mjög lágu stigi og nýlendustjórnin á í stöðugum erfiðleikum. Síðustu



árin hafa nýlenduherrarnir aukið kúgunaraðgerðir sínar og einangrað fjölda þorpa í von um að geta slitið sambandið milli alþýðunnar og þjóðfrelsisherjanna. Portúgalskar flugvélar hafa varpað miklu magni af eiturgasi yfir frelsuðu svæðin til að eyðileggja skóga og akra. Þó er verra þegar portúgalskir herflokkar hafa hvað eftir annað brytjað niður stóra hópa friðsamra landsmanna, sannfærðir um að mósambísk alþýða myndi láta kúga sig á þann hátt. En grimmd óvinarins getur aðeins styrkt mósambíska alþýðu í þeirri ákvörðun sinni að varpa af sér oki nýlendustefnunnar.

Í sameinaðri tilraun til að slökkva elda frelsisbaráttunnar í Suður-Afríku hafa portúgölsku nýlendusinnarnir og ríkisstjórnir kynþáttahataranna í Ródesíu og S-Afríku hafið öflugt samstarf. Hersveitir og lögregla afturhaldsins frá Ródesíu hafa síðustu ár tekið þátt í baráttunni gegn mósambísku alþýðunni á landamærahéruðunum í Tete-héraði við landamæri Mósambík og Ródesíu. Afturhaldsstjórnin í S-Afríku hefur einnig látið nýlenduherjunum í té mikið magn af vistum og hergögnum. Þá er ónefnd sú geypilega aðstoð sem NATO-ríkin hafa látið af hendi til nýlendukúgaranna. En allt þetta getur ekki komið í veg fyrir fullan sigur frelsisherjanna, því gagnvart stríðandi alþýðu heimsins, sem krefst sjálfstæðis er heimsvaldastefnan pappírstígri.

Ósigrarnir í nýlendustríðinu í Afríku urðu til að dýpka mjög mótsetningarnar í stjórnarklíkunni í Portúgal og auka á óstöðugleika fasistastjórnarinnar. Fall Thomaz-Caetano-stjórnarinnar 25. apríl sýndi algjört gjaldþrot nýlendustefnu Portúgala og sigur alþýðu Mósambík, Guinea-Bissau og Angóla í vopnaðri sjálfstæðisbaráttu. Með tilliti til þessa nýja ástands sem skapast hefur við stjórnarbyltinguna í Portúgal og studd af alþýðu Mósambík, Einingarsamtökum Afríkuríkja og margra sjálfstæðra ríkja í Afríku, auk sósíalísku landanna, heldur FRELIMO áfram baráttu sinni fyrir fullu sjálfstæði. Blóðug ofbeldisstjórn portúgölsku heimsvaldasinnanna síðustu fimm aldirnar og vopnuð barátta mósambísku alþýðunnar undanfarin 10 ár hafa sannað að nýlendustefnan deyr ekki út að sjálfu sér. Stöðugt vaxandi samstaða, þrautseigja og pólitísk meðvitund tryggir alþýðu Mósambík sigur gegn öllum erfiðleikum, hættum og svikabrellum heimsvaldastefnunnar og að lokum algert þjóðlegt sjálfstæði sem mikilvægt skref í átt til sósíalísku byltingarinnar.

Stuðst við Peking Review/hg

HVAÐ ER ALRÆÐI ÖREIGANNA?

Þegar verkalýður hvers lands hefur gert upp sakirnar við eigin borgarastétt, afnumið einkaeignina á framleiðslutækjunum og sett á laggirnar alræði öreiganna, er fjarri því að endanlegu takmarki sé náð. Þvert á móti er hin sósíalíska bylting eða vopnuð valdataka verkalýðsins aðeins fyrsti áfangi á langri vegferð mannkynsins yfir í stéttlaust þjóðfélag kommúnismans. Sósíalisminn (eða lægra stig kommúnismans) er "aðeins" millistig milli kapítalisma og kommúnisma (eða æðra stig kommúnismans) sem stefnir að því að afnema stéttir og stéttaandstæður fyrir fullt og allt. En þetta millistig tekur yfir heilt sögulegt tímabil, tímabil þar sem hin ráðandi stétt, verkalýðsstéttin, treystir völd sín á öllum sviðum þjóðfélagsins, þ.e. pólitískt, efnahagslega og hugmyndafræðilega, tímabil þar sem stéttabaráttan tekur á sig skarpari mynd en nokkru sinni fyrr. Á þessu sögulega tímabili er alræði öreiganna það ríkisform, sem völd verkalýðsins og allrar vinnandi alþýðu byggir á. Alræði öreiganna er ríkisvald verkalýðsins á tímabili sósíalismans.

Frumkvöðlar hins vísindalega sósíalisma hafa margsinnis bent á það, að ríki eða ríkisvald væri tákn um ósættandi stéttaandstæður og að sérhverri ráðandi stétt væri nauðsyn á ríki í einhverri mynd til að viðhalda völdum sínum og berja niður mótþróa kúguðu stéttarinnar. Verkalýðsstéttin stefnir að því að afnema stéttirnar og allar stéttaandstæður í þjóðfélaginu og sem skref að þessu takmarki er sósíalíska byltingin. Þegar stéttirnar deyja út hlýtur líka ríkið, sem er tákn um stéttarlega drottnun, að deyja út. En slíkt gerist ekki í einni svipan; verkalýðnum er nauðsyn á að byggja upp eigið ríkisvald - alræði öreiganna - til að berja niður sérhverja mótspyrnu arðræningjanna og allra þeirra, sem vilja snúa aftur til auðvaldsskipulagsins. En áður en þetta er mögulegt, verður verkalýðsstéttin að brjóta niður það ríkisvald, sem fyrir var, ríkisvald borgarastéttarinnar, því hún getur á engan hátt notfært sér ríki, sem byggði á því að halda henni í skefjum.

"Í auðvaldsþjóðfélaginu er lýðræðið takmarkað, af skornum skammti og blekking, þar sem það nær aðeins til efnamannanna eða minnihlutans. Alræði öreiganna, aðdragandatímabil kommúnismans, mun í fyrsta skipti skapa lýðræði fyrir alþjóð manna eða meirihlutann, en jafnframt halda arðræningjunum eða minnihlutanum i skefjum, svo sem nauðsyn krefur." (Lenín: Ríki og bylting, bls. 111).

RÍKIÐ DEYR ÚT.

Eitt mikilvægasta atriðið í kenningum Marx og Leníns um ríkið er það, að í alræði öreiganna tekur ríkið að deyja út eða lognast út af og endanlega verður ríkisvaldið afnumið í kommúnismanum, þegar stéttunum hefur jafnframt verið útrýmt. Lenín lýsir þessu svo:

> "Á umskiptastiginu milli auðvalds og kommúnisma er kúgun ennþá nauðsynleg, en þá er það arðrændur meirihlutinn, sem kúgar arðrænandi minnihlutann. Sérstakt tæki, sérstakt kúgunarkerfi, "ríki", en ennþá nauðsynlegt, en það er orðið bráðabirgðaríki og er ekki lengur ríki í orðsins eiginlegu merkingu, því að meirihluta þjóðarinnar, launaþrælunum sem áður voru, veitist tiltölulega auðvelt að halda minnihlutanum, eða arðræningjunum, í skefjum...
> ...Þetta er líka vel samrímanlegt því, að lýðræðið tekur að ná til svo yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar, að þörfin fyrir sérstakt kúgunarkerfi tekur að hverfa." (Lenín: Ríki og bylting, bls. 112).

Ennfremur:

> "Kommúnisminn einn mun skapa það ástand, sem gerir ríkið algerlega óþarft, því þá þarf engum að halda í skefjum, þ.e. "engum" í þeim skilningi, að það er ekki til nein stétt, enginn hluti þjóðarinnar, sem verður að berjast skipulagsbundið á móti." (Lenín: Ríki og bylting, bls. 113).

HARÐNANDI STÉTTABARÁTTA Í SÓSÍALISMANUM.

Á þessu umskiptatímabili milli auðvaldsþjóðfélags og kommúnisma mun geysa mjög hörð stéttabarátta, því borgarastéttin reynir óhjákvæmilega hvers konar aðferðir til að ná aftur völdunum. Sósíalisminn táknar því ekki að stéttabaráttan sé að lognast út af, heldur þvert á móti taka átökin milli stéttanna á sig skarpari mynd. Á þetta bentu Lenín og Stalín hvað eftir annað.

> "Alræði öreiganna er fórnfúsasta og miskunnarlausasta stríð nýrrar stéttar við voldugri óvin - við borgarastéttina, sem verður hálfu verri viðureignar við ósigur sinn...
> ...Alræði öreiganna er harðvítug barátta, blóðug og óblóðug, friðsöm og ófriðsöm, atvinnu- og hernaðarbarátta, uppeldis- og stjórnmálabarátta við öfl og erfðir hins gamla þjóðfélags." (Lenín: Vinstri róttækni, barnasjúkdómar kommúnismans, tilv. skv. Lenínismanum eftir Stalín, bls. 41).

Þessi skoðun Leníns sannaðist einmitt í Ráðstjórnarríkjunum eftir októberbyltinguna 1917, því frá þeim tíma og allt til loka síðari heimsstyrjaldarinnar geysaði hatrömm stéttabarátta í Ráðstjórnarríkjunum, þar sem sóvéskur verkalýður átti í höggi við öfluga fjandmenn, jafnt innanlands sem utan.

Eftir dauða Leníns var Stalín hinn mikli leiðtogi í baráttunni gegn fjendum verkalýðsríkisins, hvort sem þeir lýstu opinskátt yfir stríði gegn kommúnismanum og baráttu verkalýðsins eða hreiðruðu um sig innan Kommúnistaflokksins, dulbúnir sem marxistar. Stalín varði og þróaði kenningar Marx og Leníns um sósíalísku byltinguna og alræði öreiganna og í áratugi var hann leiðtogi sovéskrar alþýðu í uppbyggingu sósíalismans og á spjöldum sögunnar mun nafn hans verða tengt skilyrðislausri nauðsyn ríkisvalds verkalýðsins - alræðis öreiganna.

> "Það verður að brjóta á bak aftur og sópa burt hinni rotnu kenningu um, að við hvert framfaraspor sem við stígum muni stéttabaráttan hjá okkur lognast meira og meira út af, að við hvert framfaraspor verði stéttaróvinurinn gæfari og gæfari. Það er þvert á móti þannig, að því meiri framfarir sem við öðlumst, því stærri sigra sem við vinnum, þeim mun hamslausari verður reiðin hjá leifum hinna sigruðu arðræningjastétta." (Stalín: Baráttan gegn fasískum erindrekum trotskýismans).

> "Alræði öreiganna er nauðsynlegt til að heyja miskunnarlausa baráttu gegn hinum kapítalísku öflum, til að halda borgarastéttinni niðri og rífa kapítalismann upp með rótum."

-/ sjó

29 ár frá valdatöku alþýðunnar í Kóreu

Hinn 9. september eru liðin 26 ár frá stofnun Alþýðulýðveldisins Kóreu. Undir leiðsögn félaga Kim Il Sung og kommúnista sigraði alþýða Kóreu japönsku heimsvaldastefnuna og stofnaði alþýðulýðveldi 9. sept. 1948, eftir að bráðabirgðastjórn alþýðunnar hafði verið við völd í 3 ár. Í kosningunum ´48 vann Verkamannaflokkur Kóreu yfirburðasigur og gerði þar með vonir bandarísku og japönsku heimsvaldasinnanna að engu um að þeir gætu gert hið unga lýðveldi að leppi heimsvaldastefnunnar eftir "friðsamlegum" leiðum.

1950 réðust Bandaríkin með aðstoð 16 annarra heimsvaldaríkja inn í Kóreu í nafni Sameinuðu þjóðanna. Þessi innrás hafði þann tilgang að hefta útbreiðslu kommúnismans og alþýðustríðanna í Asíu, einangra sósíalíska alþýðulýðveldið Kína og gera Kóreu að stökkpalli heimsvaldastefnunnar til árása þangað. Með þessu átti einnig að veikja baráttu alþýðunnar í Indókína og hneppa Kóreu undir kúgunarhæl heimsvaldastefnunnar. En móttökurnar voru aðrar en heimsvaldasinnarnir höfðu ætlað - stríðshrjáð alþýðan reis þegar upp til vopna að nýju og hóf hetjulega baráttu til verndar sjálfstæði landsins. Þrátt fyrir að við ofurefli liðs væri að etja og heimsvaldasinnarnir væru á allan hátt betur búnir vopnum, fóru heimsvaldasinnarnir miklar hrakfarir. Það sem úrslitum réði og kom í veg fyrir að baráttan drægist á langinn, var mikill liðsauki sjálfboðaliða frá Kína, sem hófu þátttöku í stríðinu við landamæri Kína og ráku heimsvaldasinnana á undan sér eins og fé, suður fyrir 38. breiddargráðu, sem nú er landamæralínan milli Suður- og Noður-Kóreu.

N-Kórea: Uppbygging sósíalismans í fullum gangi.

Eftir vopnahléið sem gert var í Kóreu ´53 hóf alþýðan í N-Kóreu sósíalíska uppbyggingu landsins undir forystu Kim Il Sung og kóreanska Verkamannaflokksins, sem ekki hafði getað hafist fyrr vegna þeirrar stöðugu baráttu, sem háð hafði verið fyrir sjálfstæði landsins. Eins og alltaf, þegar hinn gífurlegi sköpunarmáttur alþýðunnar er leystur úr læðingi og hún tileinkar sér fræðikenningu marxismans-lenínismans í starfi, hefur uppbyggingarstarfið borið ríkulegan ávöxt. Á því tuttugu og eina ári sem liðið er hefur alþýðan breytt N-Kóreu úr vanþróuðu bændaþjóðfélagi með lénska framleiðsluhætti í háþróað iðnaðarveldi með mjög fullkomin framleiðslutæki, þar sem séreignarétturinn hefur verið afnuminn og alþýðan hefur öll pólitísk og efnahagsleg völd. Hagvöxtur hefur verið gífurlegur og landlægir kvillar svo sem hungursneið og drepsóttir heyra nú sögunni til. Skattar hafa verið afnumdir og verð á nauðsynjavörum, mat, fatnaði og húsnæði fari stig lækkandi meðan laun hafa hækkað. Menntun er nú almenn og heilbrigðisþjónusta mun fullkomnari en áður hefur þekkst.

S-Kórea: Undir kúgunarhæl heimsvaldastefnunnar.

Meðan alþýða N-Kóreu vinnur stöðugt að uppbyggingu lands síns og sigrum sósíalismans er alger upplausn og ógnaröld í S-Kóreu. Fasistaklíka Park Chung Hee, sem er dyggur leppur bandaríska og japanska fjármálaauðvaldsins og heimsvaldastefnu þess. Með svimandi háum fjárupphæðum og vopnastuðningi heldur heimsvaldastefnan kverkataki á alþýðunni, kommúnistar og aðrir hættulegir "lögum og rétti" eru umsvifalaust skotnir eða hnepptir í þrælkunarbúðir. Þessar ógnaraðgerðir hafa náð hámarki á þessu ári. Um 80.000 manns hafa verið handteknir fyrir að sýna "mótþróa".

FRAMHALD Á BLS.4

KIM IL SUNG :

,,Vinir í Suður-Kóreu! — Af hverju sendið þvið verkamenn ykkar til fjarlægra landa eins og Þýskalands eða Brasilíu? Við getum fengið þeim vinnu. Af hverju eruð þið að flytja inn járngrýti með ærnum kostnaði yfir hafið? — við í norðurhlutanum höfum nóg fyrir alla Kóreu. Sendið atvinnulausa verkamenn ykkar norður til okkar við skulum fá þeim verkfæri til að nema járngrýtið og senda það síðan suður. En yfirvöld ykkar neita. — Þegar flóðin herjuðu hjá ykkur, sögðum við: Við höfum reynslu í gerð stíflugarða og mannvirkja gegn vatnagangi. Við skulum senda ykkur verkfræðinga og aðra tæknimenn sem ynnu undir ykkar stjórn. Þið sögðuð nei. — Við höfum lagt til að sjómenn ykkar kæmu og veiddu á miðunum hjá okkur. Aflinn er orðinn lélegur þar syðra af því að Japanir hafa komið of miklu af mengunariðnaði sínum fyrir í suðurhlutanum hjá ykkur. Sjórinn hefur mengast og dregið úr viðgangi fisksins. En þið höfnuðuð boðinu, þótt þið vissuð að þjóðin er ein, eins og fiskurinn er einn stofn''

ALBANÍA:

Alræði öreiganna í framkvæmd

Í greininni hér til hliðar hefur verið getið almennt um alræði öreiganna og nauðsyn þess til að treysta völd verkalýðsins og allrar vinnandi alþýðu á umskiptatímabilinu milli kapítalisma og kommúnisma. Eftir slíka almenna greinargerð hljóta að vakna spurningar eins og: hvernig er alræði öreiganna í framkvæmd í dag? hvernig er háttað eftirliti verkamannanna með framleiðslunni í sósíalismanum? o.s.frv. Lítum á það ríki í Evrópu, sem lengst hefur náð í þróun sósíalískrar uppbyggingar og staðist sérhvert áhlaup af hálfu heimsvaldasinna og endurskoðunarsinna, sem stendur traustum fótum á grundvelli marxismans-lenínismans undir leiðsögn kommúnistaflokksins. Þetta ríki er Albanía.



Albönsk alþýða heldur nú upp á 30 ára afmæli frelsunarinnar undan oki fasismans, en í seinni heimsstyrjöldinni hertóku ítölsku heimsvaldasinnarnir landið. Kommúnistaflokkur Albaníu leiddi baráttuna gegn nýlenduherrunum með þeim árangri, að alþýðunni tókst að frelsa sig undan fjötrum ítölsku fasistanna og leppa þeirra og gera lýðræðislega byltingu, sem fljótlega þróaðist yfir í sósíalíska byltingu.

Í dag stendur alræði öreiganna í Albaníu traustari fótum en nokkru sinni og þetta smáríki hefur staðist sérhverja tilraun gagnbyltingarsinna úr austri og vestri til að leggja landið undir sig, ekki síst sósíalheimsvaldasinnanna, sem frá sigri hinnar endurskoðunarsinnuðu Krúsjoff-klíku í Sovétríkjunum hafa hvað eftir annað reynt að gera Albaníu sér háða. Flokkur vinnunnar í Albaníu (en svo nefnist kommúnistaflokkurinn þar í landi) hefur hins vegar, ásamt Kommúnistaflokki Kína, verið leiðandi í baráttunni gegn nútíma endurskoðunarstefnunni og haldið fast við grundvallaratriði marxismans og lenínismans. Þessi barátta kínversku og albönsku félaganna hefur ha og albönsku félaganna hefur haft þær afleiðingar m.a., að á Vesturlöndum hafa sprottið upp fjölmargar marxískar-lenínískar hreyfingar og flokkar, sem lært hafa af reynslu þeirra og hafið aftur á loft hinn rauða fána alþjóðahyggju öreiganna.

Alræði öreiganna treyst og baráttan gegn skriffinnskunni.

Nóg um þetta að sinni, en gefum nú einum af leiðandi félögum Flokks vinnunnar í Albaníu, Foto Cami, orðið. Hann tekur hér upp nokkur atriði varðandi nauðsyn og hlutverk alræðis öreiganna í sósíalismanum.
(Allar tilvitnanir hér á eftir eru teknar úr greininni The further revolutionization of the life of the country and some questions on the therory and practice of socialism, sem birtist í bókinni Some questions of socialist construction in Albania and of the struggle against revisionism, útgefinni í Tirana, 1971).

> "Alræði öreiganna er vopn öreiganna í stéttabaráttunni til að leiða sósíalísku byltinguna allt til loka. Hin skilyrðislausa nauðsyn þess, jafnvel eftir að arðræningjastéttunum hefur verið útrýmt, er nátengd þeirri staðreynd, að stéttabaráttan haldi áfram, ekki aðeins á alþjóðlegum mælikvarða heldur einnig innanlands. Þessi barátta mun halda áfram svo lengi sem hættan endurreisn kapítalismans varir. Og þar sem þessi hætta heldur áfram að vera til gegnum heilt sögulegt umskiptatímabil frá kapítalisma til kommúnisma, eins og sýnt hefur verið fram á hér á undan, er ljóst, að á þessu tímaskeiði verður að treysta alræði öreiganna. Þetta alræði mun hætta að verða til aðeins þegar lokasigur sósíalíska þjóðfélagsins yfir kapítalíska þjóðfélaginu hefur verið tryggður fyrir fullt og allt á heimsmælikvarða. Vegna þessa og á sama tímaskeiði mun hinn marxíski-leníníski öreigaflokkur, sem leiðir alræði öreiganna, einnig verða fastur í sessi." (bls. 118)

Og reynsluna af tímabundnum ósigri alræðis öreiganna í Sovétríkjunum metur félagi Cami á þennan hátt:

> "Eftir að framleiðslan er orðin eign þjóðfélagsins og eftir að arðræningjunum hefur verið útrýmt sem stétt, er skriffinnskan hættulegasti innri óvinur alræðis öreiganna. Það var einmitt skriffinnskan og skriffinnarnir, sem grófu undan alræði öreiganna í Sovétríkjunum. Engels, Lenín og Stalín hafa allir rætt um hættuna á skriffinnskunni, en þrátt fyrir það hefur þessi hætta aldrei verið viðurkennd né barist gegn henni sem skyldi. Flokkur okkar hefur áunnið sér þann verðleika að hafa fundið lausn á þessu vandamáli á breiðum grundvelli, hefur ljóslega sýnt frá á hættuna af skriffinnskunni, hefur leitt í ljós hvar rætur hennar liggja og hina margbreytilegu

FRAMHALD Á BLS.4

BYLTINGARHREYFING NÚTÍMANS OG TROTSKYISMINN

EFTIR AGIM POPA

UM EINKENNI NÚTÍMA TROTSKYISMA OG ÁSTÆÐUNA FYRIR ENDURFÆÐINGU HANS. UM NAUÐSYN BARÁTTUNNAR GEGN TROTSKYISMA, SKEMMDARVERKASTEFNU GEGN ÖREIGABYLTINGUNNI:

Þróun byltingarhreyfingar verkalýðsins á okkar dögum, eins og 6. þing flokks okkar benti á, krefst staðfastrar baráttu gegn bæði hægrihentistefnu nútíma endurskoðunarstefnunnar, sem er höfuðbaráttan, og gegn "vinstri" straumum og skoðunum, sérstaklega gegn hinni hættulegu starfsemi trotskýista, sem hefur verið endurvakin í auknum mæli frá því um 1960. Í skýrslu sinni til 6. þingsins sagði félagi Enver Hoxha:

> "Hinir mismunandi and-marxísku straumar trotskýistanna og anarkistanna hafa verið endurlífgaðir í stærri mæli en áður. Með því að læðast inn í ýmsar fjöldahreyfingar, sérstaklega meðal æskunnar og menntamanna, sækjast þeir eftir að skapa vandræði til þess að beina fjöldanum af réttri braut, og koma honum í hættuleg ævintýri, sem munu leiða af sér alvarlega ósigra og blekkingar."

ENDURLÍFGUN TROTSKYISMANNS OG ORSAKIR ÞESS

Að loknu 20. þingi, og sérstaklega 22. þingi Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, þar sem liðhlaupinn Krúsjoff hleypti af stokkunum villimannlegri herferð and-stalínisma, hefur trotskýisminn, sem þá hafði verið höggvinn þungt og var búinn að tapa öllum tökum meðal fjöldans, reist höfuðið og hafið á ný undirróðursstarf sitt í miklum mæli og hefur breitt eitraðar rætur sínar til margra svæða og landa. Eins og gorkúlur hefur fjöldi trotskýískra hópa og samtaka skotið upp kollinum í Evrópu, Ameríku og víðar.

Sem stendur, frá 1960 og fram til dagsins í dag, hafa trotskýistarnir hópast um fjórar höfuðmiðstöðvar: "Alþjóðaráðið", hina svokölluðu "Marxísku-byltingarsinnuðu stefnu 4. alþjóðasambandsins", "Suður-Ameríkuráðið" og "Alþjóðanefndina" í London.

Hverjar eru orsakir endurlífgunar trotskýismans í dag? Höfuðástæðurnar eru eftirfarandi: Annars vegar svik nútíma endurskoðunarstefnunnar, sérstaklega Krúsjoff-sinnuðu endurskoðunarsinnanna, sem urðu valdandi mikils glundroða í byltingarhreyfingunni. Það er einmitt þetta sem gerði trotskýistunum kleyft að bralla með gervi-vinstri slagorðum í þeim tilgangi að afvegaleiða byltingarhreyfinguna. Hins vegar er endurlífgun trotskýismans tengd hinni miklu þátttöku í byltingarhreyfingu nútímans, þátttöku millihópa, smáborgara, þar á meðal sérstaklega smáborgaralegra hópa borganna, eins og smákaupmenn, lágt og miðlungi lágt settra skrifstofumanna, menntamanna og nema. Þeir bera með sér í hreyfinguna reikanda, sem er einkenni smáborgaranna. Einmitt þessi reikandi, þessi smáborgaraóstöðugleiki, tilhneiging til að fara úr einum öfgum yfir í aðrar, frá anarkisma til óbeislaðrar ævintýramennsku, frá hægrihentistefnu til uppgjafarstefnu, mynda hagkvæman jarðveg þar sem trotskýisminn blómstrar og brallar and-byltingarsinnaðar ráðagerðir sínar.

Að síðustu, á yfirstandandi tímabili, þegar byltingaraldan rís stöðugt, eggja og styðja borgararnir á allan hátt útbreiðslu trotskýismans. Trotskýisminn notfærir sér andófstilfinningar vinnandi fjöldans og sérstaklega fjölda æskunnar og stúdenta sem andæfa auðvaldskerfinu, þeir notfæra sér einlæga en sjálfsprottna byltingarhyggju þeirra og reyna að rugla þá í ríminu með últra-byltingarslagorðum. Þeir reyna að beina þeim af sannri braut byltingarinnar, koma þeim í ævintýraaðgerðir sem á engan hátt beinast gegn borgarastéttinni en blekkja fjöldann. Þetta er ástæðan fyrir því að útgáfufyrirtæki, sem fjármögnuð eru af borgarastéttinni, dreifa í dag verkum Trotskýs og trotskýiskum verkum í stórum stíl.

Agim Popa er prófessor í marxískri heimsspeki, hann starfar við "Stofnun Marxískra-lenínískra fræða" í Tirana í Albaníu.

NOKKUR MIKILVÆG EINKENNI NÚTÍMA TROTSKYISMA

Hvað einkennir nútíma trotskýisma? Skilgreining þessa vandamáls, þó í stuttu máli sé, er nauðsynleg til þess að skilja kjarna og hlutverk þessarar and-marxísku stefnu við núverandi þróunaraðstæður byltingarhreyfingarinnar. Trotskýisminn í dag er yfirleitt byggður á and-marxískum skoðunum, aðferðum og markmiðum sem Trotský lagði grundvöllinn að á sínum tíma. En nútíma trotskýisminn hefur, og kemst ekki hjá að hafa, nokkur ný svipbrigði og sérkenni sem stafa af ástandi og umhverfi þróunar trotskýistastarfseminnar í dag. Það sem við er að eiga er samsláttur nú þegar þekktra einkenna við ný tilbrigði. En þessi grein mun ekki gera sögulegan samanburð á trotskyisma gærdagsins og trotskyismanum nú. Við munum benda á nokkur grundvallaratriði sem einkenna starfsemi trotskyista í dag, án tillits til hvort þau voru einnig einkenni trotskyismans fyrr á tímum. Ekki munum við heldur gera samanburðarskilgreiningu á hinum mörgu trotskyistahópum sem eiga í stöðugu stríði innbyrðis -en eru tengdir í vissum grundvallaratriðum, í baráttunni gegn marxismanum-lenínismanum. Við munum fást við nokkur almenn einkenni trotskyisku straumanna í heild.

Frá heimspekilegu -aðferðafræðilegu sjónarmiði, er nútímatrotskyisminn á sama hátt og trotskyismi fyrri tíma, einkenndur af sjálfsprottinni hughyggju sem birtist m.a. í getuleysi til að átta sig á hlutlægum aðstæðum sem skilyrða þróun byltingarhreyfingarinnar á þjóðlegum og alþjóðlegum mælikvarða. Einnig kemur fram getuleysi til að skilgreina eðli og hreyfiöfl byltingarinnar á mismunandi stigum. Trotskyistisku hugmyndirnar eru einnig einkenndar af úrtínsluaðferðum og ráðríki, skorti á staðföstum meginreglum, notkun fullkomlega andstæðra hugmynda, breytingu frá einum öfgum til annarra, samslætti mismunandi hreyfinga í þeim tilgangi að ná skammtíma hagnaði, osfrv.

Frá hugmyndafræðilegum-pólitískum sjónarhóli einkennist nútímatrotskyisminn framar öllu af fjandskap gagnvart byltingarsinnuðum marxisma-lenínisma. Þetta er einkenni trotskyisma bæði fyrr og nú. Áður fyrr kom þetta fram í fjandskap Trotskys gagnvart Lenín og lenínismanum. Seinna birtist það í fjandskap Trotskys og troskyistanna gegn Stalín, gegn hugmyndum hans, verkum hans og forystu. Í dag kemur fjandskapur trotskyistanna gegnvart marxismanum-lenínismanum fram í þeirri staðreynd að trotskyistar reyna að draga athygli byltingarhreyfingarinnar frá baráttunni gegn endurskoðunarstefnunni og beina henni á brautir and-Stalínisma. Trotskyistarnir skýra marxiska-leníniska stefnu Stalíns á algjörlega falskan hátt og lýsa henni sem hægri hentistefnu. Og þegar þeir mikla eigin baráttu, eða segja nokkur orð gegn endurskoðunarstefnunni, þá hafa þeir í rauninni beint allri sinni skothríð gegn Stalín og "stalínisma"- þeir saka hann um svik við lenínismann og málstað byltingarinnar, sósíalismans , og fyrir að hafa afvegaleitt byltingarhreyfinguna í heiminum. Einnig saka þeir hann um að vera valdan að hnignun byltingarhreyfingarinnar á vesturlöndum, fyrir að hafa hertekið og arðrænt alþýðulýðveldin að lokinni seinni heimsstyrjöldinni osfrv. (sjá P. Frank:"Fjórða Alþjóðasambandið", gefið út 1969). Þeir ráðast einnig gegn Maó Tsetung og hugmyndum hans, Kínverska kommúnistaflokknum og kínversku byltingunni (sjá P. Frank, einnig D. Avenas, A. Brossat "Um and-trotskyisma", gefin út 1971) Hinsvegar eru trotskyistarnir fullkomlega sammála nútíma-endurskoðunarsinnunum í grundvallaratriðum: Ásamt endurskoðunarsinnunum ráðast þeir gegn Stalín og Kommúnistaflokk Kína og styðja ýmsar útgáfur og strauma endurskoðunarstefnu. 1948 lýsti Fjórða Alþjóðasambandið og trostskyistasamtök sem tilheyrðu því yfir við endurskoðunarsinnana í Júgóslavíu og ráku mikinn áróður sem var hliðhollur þeim. 1956 tóku þeir afstöðu með ungversku gagnbyltingunni (sjá P. Frank, "Fjórða Alþjóðasambandið"). 1968 studdu trotskyistarnir Dubcek-endurskoðunarsinnana í Tékkoslóvakíu og lýstu því yfir að stefna þeirra væri byltingarhreyfing (sama bók). Einnig sameinast trotskyistar endurskoðunarsinnunum í lýðskrumi þeirra um "sameinaða fylkingu sósíalisku landanna gegn USA heimsvaldastefnunni" (sama bók). Það sem Lenín sagði eitt sinn um Trotsky á fullkomlega við nútímatrotskyismann:

> "...Hann skiptir um afstöðu, brallar, kemur fram sem vinstrisinni og hjálpar hægrisinnunum af fremsta megni...".

Markmið trotskyistanna er að sameina allar stefnur, sama hvort eru hægri eða "vinstri" , gegn byltingarsinnuðum marxisma-lenínisma sem þeir lýsa sem "stalínisma".

Sundrung byltingarhreyfingar verkalýðsstéttarinnar er aðal eðliseinkenni, markmið og svipmót nútíma trotskyisma. Hlutlægt séð er nútímatrotskyisminn sérstakur útsendari í þjónustu borgaranna til að tvístra verkalýðshreyfingunni, tvístringur sem trotskyistarnir eru að reyna að gera að meginreglu, þeir lýsa sig opinberlega á móti sameinigu í röðum hreyfingarinnar. Einn af leiðtogum og hugmyndafræðingum nútímatrotskyismans, Pierre Frank skrifar:

> " Staðreyndin er sú, að það sem er raunverulega óeðlilegt við verkalýðshreyfinguna er einhæfni, þessi "sameiníng" sýkir hverja sjálfstæða pólitíska hugsun hjá samtökum sem kalla sig marxisk...Hver sem leitar til sögu verkalýðshreyfingarinnar sér að hún hefur stöðugt verið full af bardögum stefna og viðhorfa sem eru í hugmyndafræðilegri og pólitískri andstöðu hver við aðra. Þetta var eðlilegt, vegna þess að framþróun byltingarsinnaðs starfs og hugsunar er ekki hægt að hugsa sér án óslitinna árekstra milli kenninga, afstöðu og viðhorfa til raunveruleikans, og í ríkara mæli í heimi sem er í ástandi mikilla, hömlulausra breytinga, þar sem "hið nýja" var og er að koma fram frá degi til dags". (P. Frank, "Fjórða Alþjóðasambandið" bls. 60).

Þannig, áð hans mati getur ekki verið um að ræða nokkra sameiningu verkalýðsstéttarinnar, eðlilegt ástand hennar er stöðug sundrung(!). Það er greinilegt framhald á slíku viðhorfi að hin stöðuga sundrung innan raða trotskyisku hreyfingarinnar, hinn stöðugi klofningur hennar í fleiri hópa og flokka í óslitinni baráttu hver við aðra, er ekki aðeins tjáning á veikleika hennar og smáborgaralegu eðli, heldur einnig aðferð til að sá sundurþykki og sundrungu í raðir byltingarhreyfingarinnar.

Flökt trotskysitanna til "vinstri" og hægri án nokkurra grundvallarreglna, sameining einn dag við öfgasinnaða hægri-hentistefnumenn og annan daginn við hina mest öfgasinnuðu og ævintýrasinnuðustu "vinstri"öfl, er líka einkennandi fyrir afstöðu og starf trotskyistanna. Þannig t.d. reka þeir annars vegar svokallaða "inngöngustefnu" þ.e. sameiningu trotskyistahópa við aðra flokka, líka hægri jafnaðarmannaflokkana, samtímis því sem þeir, hinsvegar, ráðast af heift á stefnu andfasiskra samfylkinga, og kalla hana "hentistefnusinnaða stéttasamvinnu". Annarsvegar vegsama trotskyistar beitingu hömlulauss ofbeldis, þeir styðja og hvetja anarkískar "vinstri" hreyfingar sem skortir víðsýni og byltingarsinnaða stefnuskrá, sem aftur færir rugling og klofning inn í byltingarhreyfinguna, eins og hinar tætingslegu uppreisnir smárra vopnaðra hópa, eða skæruhernaður sem ekki er grundvallaður á skipulagðri pólitískri fjöldabaráttu. Þannig iðka þeir pólitíska ævintýramennsku, samtímis því sem þeir annarsvegar mæla með "stjórnlist" og "bardagaaðferð" fyrir verkalýðinn í baráttu hans fyrir sósíalisma sem er af sama sauðahúsi og endurbótastefna hægri endurskoðunarsinnanna.

HVERNIG TROTSKYISTARNIR SKAÐA BYLTINGARHREYFINGU VERKALÝÐSINS Í DAG

Trotskyistarnir veltamikið fyrir sér slagorðum byltingarinnar, og halda mest á lofti hinni svokölluðu kenningu um "samfellda byltingu", sem þeir reyna að koma á framfæri sem skapandi framþróun marxismans-lenínismans. En hvert er eðli þessara últrabyltingarsinnuðu kenninga og hverjum

L. TROTSKY

þjóna þær raunverulega? Kenningin um "samfellda byltingu" er neitun á því að byltingin fari fran í áföngum, undir yfirskyni óslitinnar þróunar. Þetta var viðhorf Trotskys og þetta er líka viðhorf trotskyista nútímans. Samkvæmt henni, og það í hverju landi án tillits til þess hvort landið er heimsvaldaland, nýlenda eða hálfnýlenda, getur ekki verið um að ræða neinskonar byltingu nema hreinræktaða verkalýðsbyltingu, án nokkurra áfanga. Trotskyistarnir skrifa: "Byltingarreynsla Víetnam í dag sannar nauðsyn þess að tengja saman baráttuna gegn heimsvaldastefnunni, baráttuna gegn auðvaldinu og baráttuna gegn borgarastéttinni, og nauðsyn þess fyrir byltingarsinna í nýlendunum, ef þeir vilja tryggja aðferðirnar til að ná til fullnustu svokölluðum "þjóðlegum" markmiðum, að hefja ferli öreigabyltingarinnar." (D. Avenas, A. Brossat, "Um and-trotskyisma" bls. 75). Og ennfremur!".. bylting í áföngum hefur tvímælalaust misheppnast"..." í dag er ekki til millivegur milli yfirráða auðvaldsins og alræðis öreiganna." (sama rit). En að líta á málin út frá þessu sjónarhorni þýðir, að horfa fram hjá hinum ýmsu áföngum þróun ar hennar, það þýðir að þrengja þjóðfélagslegan grundvöll byltingarinnar í þessum löndum, og að sá klofningi milli þjóðfélagsafla sem ættu að vera sameinuð í byltingarhreyfingunni og vinna þannig skemmdarverk gegn henni.

Gegn þessum rökum ævintýramennskunnar sem trotskyistarnir koma fram með, halda marxistar -lenínistar fram nauðsyn hlutlægrar skilgreiningar á þróun byltingarinnar í hverju landi, án þess að falla í gryfju einstrengingslegra og endanlegra formúla, og þar sem hlutlægar aðstæður og skilyrði krefjast þess sé samþætting byltingar í áföngum og óslitinnar byltingar undir leiðsögn verkalýðsstéttarinnar og marxiska-leníniska flokksins nauðsynlegt skilyrði til þess að leiða til enda and-heimsvaldasinnuðu eða lýðræðislegu byltinguna til enda og fram til sósíalisku byltingarinnar.

Með rökum sínum og afstöðu kljúfa trotskyistar og sundra byltingaröflum nútímans. Í nýlendunum og hálf-nýlendunum er verkalýðsstéttin enn tiltölulega lítil stéttjafnframt því sem smábændurnir eru meirihluti íbúanna og um leið stærra afl í byltingunni. Með því að neita byltingu í áföngum, neita trotskyistarnir um leið möguleikanum á þátttöku smábænda í byltingunni, og einangra þannig smábændurna frá verkalýðsstéttini með últrabyltingarsinnuðum slagorðum. Í þróuðu auðvaldslöndunum, þar sem verkalýðsstéttin er höfuðafl hverrar sannrar byltingarhreyfingar, breiða nútímatrotskyistar út það viðhorf, að í þessum löndum sé höfuðafl byltingarinnar, og raunverulegir leiðtogar hennar, ungir menntamenn, stúdentar og skólafólk. Þetta sést líka greinilega á því, að trotskyisminn hefur svo að segja eingöngu áhrif meðal skólafólks samtímis því sem áhrif hans meðal verkamanna eru mjög takmörkuð. En hversu þróuð sem stúdentahreyfingin kann að vera, getur hún þá og því aðeins tekið virkan þátt í baráttunni fyrir afnámi auðvaldsskipulagsins ef hún gerir bandalag við byltingarhreyfingu verkalýðsins og beygir sig undir öreigastéttina og marxiska-leníniska öreigaflokkinn.

Á meðan trotskyistarnir æpa sig hása með últra-byltingarsinnuðum slagorðum, koma þeir fram með rök sem eru eins og tekin orðrétt frá nútímaendurskoðunarsinnunum þegar fjalla á um vandamál þróun ar byltingarhreyfingar verkalýðsins og tala um "endurbætur á uppbyggingu þjóðfélagsins", um þátttöku verkalýðsins í stjórnun auðvaldsfyrirtækja o.þ.h. Þannig segir trotskyistinn Mandel, að verkalýðurinn hefði unnið sigur í maí-júní 1968 ef hann hefði fylgt eftirfarandi leiðbeiningum: "Hefðu þeir verið uppfræddir undanfarandi ár og mánuði í anda verkalýðseftirlitsins hefðu þeir vitað hvað hefði átt að gera:kjósa nefnd í hverju fyrirtæki sem hefði byrjað á því að gera opinberar bókhaldsskýrslur atvinnurekenda; reikna sjálfir út tekjurnar og það sem fyrirtækið tekur til sín; koma á rétti til að kjósa um ráðningu og uppsagnir verkamanna...láta verkamann sem kosinn er af vinnufélögunum koma í stað verkastjórans sem skipaður er af atvinnurekandanum... Verkamennirnir ættu fljótlega að fara frá verkamannaeftirliti til verkamannastjórnunar. En þennan tíma ætti að nota til að fordæma fyrir framan alla þjóðina alræðisstjórnina, óréttlætið, óreiðuna og arðránið sem atvinnurekendur standa fyrir, og til að skipuleggja staðbundið, svæðisbundið og landsbundið þing verkfallsnefnda og verkamannaeftirlitsnefnda sem myndu tryggja verkamönnunum sem risið hefðu upp til baráttu nauðsynlega skipulagningu og varnarmeðul til að berjast gegn borgaralega ríkinu og borgarastéttinni í heild. (tilv. úr "Um trotskyisma" eftir K. Mavrakis). Og allt þetta er hægt að gera, samkvæmt kenningum trotskyistanna, meðan borgarastéttin er enn við völd, vel vopnuð, án þess að kollvarpa henni, án þess að eyða hinu borgaralega ríkisvaldi, og án þess að koma á alræði öreiganna ( ) Þetta er svívirðileg afneitun hentistefnunnar á byltingunni.

NÚTÍMATROTSKYISMINN OG VANDAMÁL FRAMVARÐARFLOKKS ÖREIGANNA

Óvinátta trotskyistanna bæði í fortíð og nútíð gegn hinni byltingarsinnuðu verkalýðshreyfingu sést greinilega á afstöðu þeirra til flokks öreiganna. Afstöðu trotskyistanna til þessarar spurningar er hægt að draga saman í eftirfarandi punkta:

Í fyrsta lagi, samkvæmt trotskyistunum er tilvera og leiðsögn marxísks-lenínísks verkalýðsflokks í baráttunni fyrir afnámi auðvaldsins og sigri sósíalismans ekki algerlega nauðsynleg. Trotskyistinn P. Frank segir í bók sinni "Fjórða alþjóðasambandið" að Trotsky hafi sjálfur spáð því í verkum sínum, þó sem sjaldgæfum möguleika við sérstakar aðstæður, að byltingin geti orðið sigursæl án þess að hún sé leidd af byltingarsinnuðum marxistum, og ennfremur, að eftir seinna stríð hafi slík tilfelli oft komið fyrir. Rök sem þessi stefna eingöngu að því að skilja verkalýðsstéttina eftir án sannrar byltingarsinnaðrar forystu og þjóna eingöngu því markmiði að grafa undan byltingunni og yfirgefa verkalýðinn í fjötrum auðvaldsins.

Í öðru lagi, eru trotskyistar á móti óslitinni leiðsögn hins marxíska-leníníska verkalýðsflokks eftir valdatöku verkalýðsins, og eins og hugmyndafræðingar borgaranna og endurbótasinnanna, vilja trotskyistarnir margflokkakerfi í sósíalismanum. Trotskyistinn P. Frank skrifar í þessu sambandi: "Í þjóðfélagi á tímabili umbreytingar til sósíalisma mun verkalýðurinn hafa mismunandi skoðanir yfir langt tímabil að því marki að mismunandi hópar munu hafa mismunandi skoðanir varðandi tengslin milli hversdagslegra þarfa og langtíma hagsmuna. Af því leiðir, að það verður rúm fyrir mismunandi flokka í þjóðfélagi umbreytinganna, sumir með endurbótaeinkenni, aðrir með byltingarsinnaðri einkenni." (P. Frank "4. alþjóðasambandið"). Þannig, með því að hafa marga svokallaða verkalýðsflokka, hugsa trotskyistarnir sér að koma í veg fyrir að verkalýðurinn lúti leiðsögn framvarðar verkalýðsstéttarinnar, marxísks-lenínísks flokks er byggi starf sitt á hinni byltingarsinnuðu fræðikenningu marxismans-lenínismans. En við þessar kringumstæður getur ekki verið um að ræða neitt alræði öreiganna, og það er einmitt það sem útreikningar trotskyistanna miðast við. Sú staðreynd að þeir hafa barist og berjast hatrammlega gegn hinu "stalíníska" ráðstjórnarfyrirkomulagi, sem grundvallarlega stendur sem alræði öreiganna, sýnir best hatur þeirra og hræðslu við ríkisgerð alræðis öreiganna.

Í þriðja lagi, með því að halda á lofti kenningunni um "heimsbyltingu" og með því að vanmeta hlutverk innri, þjóðlegra þátta í þróun byltingar-

FRAMHALD Á BLS.7

FRAMHALD AF SÍÐU 6

TROTSKYISMINN

hreyfingarinnar, vanmeta trotskyistarnir líka hlutverk verkalýðsflokksins á þjóðlegan mælikvarða, og tala um nauðsyn "alheims flokks". "Fyrst ekki getur verið um að ræða sósíalisma í einu landi," segja þeir "getur tæki heimsbyltingarinnar ekki verið neitt annað en alheimsflokkur" (P. Frank "4 alþjóðasambandið"). Sökum hinnar misjöfnu þróunar hinna ýmsu landa, getur framsókn byltingarinnar ekki verið öðruvísi en sem þróun og sigur byltingarinnar í mismunandi löndum, á mælikvarða einstakra þjóða undir leiðsögn hins marxíska-leníníska verkalýðsflokks hvers lands. Markmið trotskyistanna er að takmarka og rýra gildi byltingarflokksins á þjóðlegan og alþjóðlegan mælikvarða.

Í fjórða lagi, þó að trotskyistarnir segjast í orði vera hinir einu sönnu arftakar Leníns, eru þeir í raunveruleikanum svarnir fjandmenn allra lenínískra grundvallarreglna um innra líf flokksins. Undir yfirskini "lýðræðis" og "hugsanafrelsis" berjast þeir gegn lýðræðislega miðstjórnarvaldinu og reglunni um einingu hugsana og starfs, og hinum járnharða öreigaaga flokksins. Þannig breyta þeir framverði öreigastéttarinnar í óskipulagðan kjaftaklúbb þar sem endalausar umræður eiga sér stað, en sem er algerlega ófær um nokkrar árangursríkar aðgerðir í þágu byltingarinnar, og innra lýðræði flokksins er þannig breytt í tæki til að sá óeiningu og vinna skemmdarverk á flokknum. Trotsky lýsti flokk af lenínískri gerð sem "herbúðastjórn" og hann lýsti lenínistum sem einræðissinnuðum skriffinnum. Samkvæmt honum á flokkurinn að vera óagað samansafn af öllum klíkum og hópum sem vilja kalla sjálfa sig sósíalista eða kommúnista. Trotskyistar nútímans aðhyllast líka rétt til klíkustarfsemi, og styðja "frelsi til umræðna og rétt til að mynda klíkur, því án þeirra er pólitíski grundvöllurinn rúinn raunverulegri pólitískri athafnasemi". (P. Frank "Fjórða alþjóðasambandið" og Jean-Jacques Marie "Trotskyisminn"). Staðreyndirnar sýna, að trotskyismi nútímans er svarinn óvinur byltingarhreyfinga verkalýðs og alþýðu heimsins, og hann er hættulegt vopn í höndum heimsvaldasinnanna til að sá klofningi innan hreyfingarinnar, til að grafa undan henni og vinna á henni skemmdarverk. Við núverandi aðstæður er baráttan fyrir afhjúpun og eyðingu trotskyískra afla mikilvægt verkefni fyrir alla marxista-lenínista til að tryggja árangursríka þróun hinnar kommúnísku verkalýðshreyfingar.

Að vinna sigur á öllum trotskyískum tilhneigingum er órjúfanlegt frá baráttunni gegn nútíma endurskoðunarstefnu, og sérstaklega baráttunni gegn sósíalheimsvaldastefnunni, til að binda endi á þann klofning og óreiðu sem hún hefur skapað innan byltingarhreyfingar nútímans, sem aftur skapaði skilyrðin fyrir því að trotskyistar skreiddust fram í dagsljósið með sína hentistefnupólitík, að gera verkalýðnum ljóst það regindjúp sem er milli allra handa endurskoðunarsinna og raunverulegra marxista-lenínista, er mikilvægt verkefni okkar í dag.

---

frh.af baksíðu

Kína styður

rænt og ruplað, beitt vopnavaldi og yfirgangi í öllum heimshornum gegn nýlendum og réttindalausum þjóðum, geta alls ekki sætt sig við að athafnafrelsi þeirra og umsvif á heimshöfunum séu skert, eins og tillaga Nígeríufulltrúans fól í sér. En tilraunir þeirra til að látast styðja yfirráðaréttinn og efnahagslögsöguna, voru afhjúpaðar af Ling Ching, formanni kínversku sendinefndarinnar, sem slóttug hræsni heimsvaldaræningjanna og tvöfeldni.

Afstaða Kína.

Kínverjar lýstu sig þegar í upphafi samþykka tillögum ríkja þriðja heimsins og studdu þær í öllum umræðum á ráðstefnunni. Ling Ching sagði m. a.: "Það er mikilvægt, að nýju hafréttarlögin innihaldi að komið verði á óskoraðri efnahagslögsögu. Hin fjölmörgu ríki og þjóðir Asíu, Afríku og S-Ameríku hafa löngum þjáðst undan yfirgangi og ránsklóm nýlendustefnu, og heimsvaldastefnu sérstaklega frá hendi risaveldanna. Til þess að tryggja sjálfsákvörðunarrétt ríkja þessara og yfirráð yfir auðlindum þeirra og til að þróa efnahag þeirra, krefjast þau að komið verði á landhelgi og efnahagslögsögu, sem nái allt að 200 sjómílum. Krafa þeirra er gersamlega réttmæt og sanngjörn og það er einungis rétt og eðlilegt, að þessi tillaga hefur fengið víðtækan stuðning og undirtektir hjá mörgum öðrum löndum í heiminum." Þeir lögðu áherslu á samstöðu gegn yfirgangi heimsvaldastefnunnar og sýndu fram á tilraunir bandarísku og sovésku heimsvaldastefnunnar til að komast hjá ákvæðunum um skert siglingafrelsi og skertar rannsóknir þessara ríkja á yfirráðasvæðum annarra ríkja. Þeir drógu saman niðurstöður deilnanna og sýndu fram á mikilvægi samstöðu ríkja þriðja heimsins og að hún er til marks um þá hreyfingu í átt til heimsbyltingar sem er ríkjandi þróunartilhneiging í heiminum í dag. Hið sósíalíska Kína getur stutt skilyrðislaust jafnan rétt allra þjóða til nýtingar eigin auðlinda og lögsagnar yfir efnahagsumdæmi, því það hefur engra arðránshagsmuna að gæta í löndum þriðja heimsins, það hefur engan herafla hvorki á sjó eða landi í öðrum löndum og ásælist ekki auðlindir, hráefni eða yfirráð yfir markaði og framleiðslu annarra ríkja. Sem sósíalískt ríki getur Kína stutt frelsisviðleitni og réttindabaráttu ríkja þriðja heimsins og afhjúpanir kínversku sendifulltrúanna í Caracas á heimsvaldaeðli sovésku endurskoðunarsinnanna, hefur borið mikinn árangur. Kína er í broddi fylkingar í baráttu ríkja þriðja heimsins fyrir sjálfsákvörðunarrétti, frelsi og réttindum á nýtingu eigin auðlinda. Þess vegna gat Kína ekki stutt tillögu átta ríkja hópsins, sem Ísland tilheyrði, að hún fól í sér tilhliðrun við arðránshagsmuni heimsvaldastefnunnar og fyrst og fremst risaveldanna. Utanríkispólitík hins sósíalíska Kína hefur unnið enn einn sigur á alþjóðavettvangi, með þátttöku sinni á hafréttarráðstefnunni í Caracas.

-/kg

FRAMHALD AF FORSIÐU

VERKFALLIÐ VIÐ HÖFNINA

um frestun á launagreiðslu er tilkomin. Hún var mögulega samþykkt af fámennum hópi hafnarverkamanna, en hún var aldrei lögð fyrir alla starfsmenn Eimskips á höfninni og raunverulega var hún búin til og samþykkt af Óttari Möller fyrir hönd Eimskips og Halldóri Bj. fyrir hönd verkamannanna, að okkur forspurðum. 3) Verkfallið var óskipulagt og leiddi ekki til áframhaldandi starfs, eða faglegrar skipulagningar verkamanna á vinnustaðnum sjálfum. Við vitum hvað skipulag verkalýðsfélagaforystunnar þýðir, það er skipulag til að "kippa í liðinn" fyrir Eimskipafélagskapitalistana, þegar við sem vinnum á höfninni mótmælum því að við séum beittir óretti eða rofnir á okkur samningar. Skipulagið sem við þurfum, er samfylkingarnefnd, sem kosin er af öllum verkamönnum á höfninni, burtséð frá því hvaða stjórnmálaflokki þeir tilheyra, sem getur leitt starfið og baráttuna gegn kjaraskerðingarárás kapítalistanna, dregið saman reynsluna af einstökum aðgerðum og skipulagt frekari aðgerðir. Án slíks skipulags, verða öll verkföll óskipulögð, allar aðgerðir verða að upphlaupum sem koðna jafnharðan niður eftir að tilefni þeirra er úr sögunni og öll varnarbarátta gegn kjaraskerðingum í molum. 4) Mikilvæg niðurstaða af verkfallinu er líka sú, að við sem vinnum á höfninni (og þetta gildir einnig um aðra vinnustaði) getum ekki treyst Dagsbrúnarforystunni til að tala okkar máli, hún hefur áþreifanlega sýnt hvoru megin hún stendur. Við verðum fyrst og fremst að treysta á okkar eigin krafta, því sérhver smáskæra og sérhvert verkfall hefur sýnt okkur að Dagsbrúnarforystan mun aðeins svíkja okkur.

Félagar á höfninni! Framundan er harðnandi barátta, auðvaldskreppan er í aðsigi og kjaraskerðingar, vísitölufalsanir og verðbólga er það sem bíður okkar. Við verðum að búast til baráttu gegn því að auðvaldið láti minnkandi gróðasinn lenda á herðum okkar, það verður aðeins gert með því að treysta á eigin krafta og víkja Dagsbrúnarforystunni til hliðar, því hún mun aðeins svíkja okkur. Ennfremur verðum við að vera þess minnugir, að hagsmunabaráttan getur aðeins viðhaldið núverandi ástandi eða knúið fram umbætur á vinnuaðstöðu eða kjörum, en hún getur aldrei afnumið orsakirnar fyrir atvinnuleysi, kjaraskerðingum eða órétti, það verður aðeins gert með sósíalískri byltingu.

Kommúnisti á höfninni.



Þessi grein er síðasti kaflinn í fyrirlestri, sem Karl Marx flutti í miðráði 1. Alþjóðasambandsins 20. og 27. júní 1865. Fyrirlesturinn var fluttur sem svar við andmælum John Westons gegn verkföllum verkalýðsins.

K. MARX

BARÁTTAN MILLI AUÐMAGNS OG VINNU OG AFLEIÐING HENNAR

1. Eftir að hafa sýnt fram á, að tímabundin andstaða verkamanna gegn kauplækkunum og tímabundnar tilraunir þeirra til að fá fram kauphækkanir eru órjúfanlega tengdar launaskipulaginu og eru fram knúnar af þeirri staðreynd, að vinnan er samholdguð vörunni og þess vegna undirorpin þeim lögmálum, sem ákvarða almennar hræringar verðsins; eftir að hafa ennfremur sýnt fram á, að venjuleg kauphækkun hafi í för með sér lækkun á almennu gróðahlutfalli, án þess að hafa áhrif á meðalverð vörunnar, þá vaknar óhjákvæmilega sú spurning, að hve miklu leyti vinnan er líklegur sigurvegari í þessum linnulausu átökum milli auðmagns og vinnu.

Ég gæti svarað þessu almennt og sagt, að *markaðsverð* vinnunnar – eins og á öllum vörum öðrum – muni þegar til lengdar lætur samsama sig *vinnugildinu;* verkamaðurinn muni því aðeins fá til jafnaðar verðmæti eigin vinnu, þrátt fyrir hækkanir og lækkanir og allt, sem hann sjálfur aðhefst. Þetta þýðir það sama og að hann fái gildi vinnuaflsins, en það ákvarðast af verðmæti þeirra lífsgagna, sem því eru nauðsynleg til viðhalds og endurnýjunar. Verðmæti lífsgagnanna ákvarðast svo að lokum af magni þeirrar vinnu, sem þarf til að framleiða þau.

En það eru nokkur sératriði, sem greina *gildi vinnuafls* eða *gildi vinnu* frá gildi allra annarra vara. Gildi vinnuaflsins myndast af tveimur frumatriðum – annað er eingöngu líffræðilegt, hitt sögulegt eða samfélagslegt. *Líffræðilega* frumatriðið ákveður *endanlegu mörkin;* þ. e. a. s. til viðhalds og endurnýjunar, endurframleiðslu á eigin lífi, verður verkalýðsstéttin að fá brýnustu nauðsynjar til að lifa og tímgast. Verðmæti þessara albrýnustu lífsnauðsynja er því lágmarks *verðmæti vinnunnar*. Á hinn bóginn er lengd vinnudagsins einnig endanleg takmörk sett, enda þótt þau séu teygjanleg. Líkamskraftar verkamannsins setja þar yztu mörkin. Ef dagleg eyðsla lífsorkunnar fer fram yfir ákveðið stig, þá getur hann ekki innt af hendi störf sín að nýju dag eftir dag. En, eins og ég sagði, þessi mörk eru teygjanleg. Heilsuveilir og skammlífir ættliðir, sem taka ört við hver af öðrum, byrgja upp vinnumarkaðinn engu síður en hraustir og langlífir.

Auk þessa beinlínis líffræðilega frumatriðis, ákvarðast gildi vinnunnar af *hefðbundnum lífsvenjum* í viðkomandi landi. Þær eru ekki einungis líffræðilegar. Þær eru fullnæging ákveðinna þarfa, sem sprottnar eru af samfélagsaðstæðum og fólk er undirorpið og bundið við. Það er hægt að rýra lífskjör í Englandi í það sama og þau eru í Írlandi, þýzkra bænda í sama og lívlenzkra.[1] Í riti hr. Thorntons *Offjölgun* (Over-population) getur að lesa um það veigamikla hlutverk, sem sögulegar erfðir og samfélgashefð gegnir í þessum sökum. Þar sýnir hann fram á, að meðallaun í mörgum landbúnaðarhéruðum Englands eru mishá enn á okkar dögum, eftir því hvort þau losnuðu undan landbúnaðaránauðinni við hagstæðari eða óhagstæðari skilyrði.

Þetta sögulega eða þjóðfélagslega frumatriði, sem orkar á gildi vinnunnar, getur aukizt eða minnkað að áhrifum eða alveg horfið, svo að ekki verða eftir nema *líffræðilegu mörkin*. Gamla skattasugan og bitlingahítin, George Rose, sagði, að styrjöldinni gegn Jakobínum hafi verið hleypt af stokkunum til að bjarga huggunarorðum vorra heilugu trúarbragða undan fjandsamlegri árás trúlausra Frakka. Meðan á styrjöldinni stóð lækkuðu hinir heiðarlegu ensku stórbændur – sem við fórum svo mjúkum höndum um á fyrri umræðufundi – laun landbúnaðarverkamanna, meira að segja niður fyrir *líffræðilega lágmarkið,* og létu fátækrasjóðinn[2] um að greiða það sem á vantaði, svo að ættstofninn liði ekki undir lok. Þetta var hin glæsilega aðferð til að breyta launaverkamanni í þræl og stoltum óðalsbónda Shakespeares í betlara.

Séu borin saman meðallaun eða gildi vinnunnar í ýmsum löndum, eða á mismunandi sögulegum tímaskeiðum í sama landi, munuð þið veita því athygli, að sjálft *gildi vinnunnar* er ekki óbreytanlegt. Það breytist að stærð, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir, að allar aðrar vörur hafi ekkert breytzt að verðmæti.

Hliðstæður samanburður mundi sanna, að *markaðshlutfall* gróðans breytist ekki aðeins, heldur og *meðalhlutfallið*.

En hvað gróðanum viðvíkur þá eru engin lögmál um *lágmark* hans. Við getum ekkert fullyrt um endanleg mörk hans. Og hvers vegna getum við ekki sett honum þessi mörk? Vegna þess að við getum ekki ákvarðað *hámarkslaunin,* þótt við séum færir um að ákvarða *lágmarkslaunin*. Við getum aðeins fullyrt, að þegar takmörk vinnudagsins eru fastbundin, þá svarar *hámarksgróðinn* til *líffræðilegs lágmarks launanna;* og þegar vinnulaunin eru gefin, þá svarar *hámarksgróðinn* til þeirrar lengdar vinnudagsins, sem frekast er hægt að bjóða líkamskröftum verkamannsins. Hámark gróðans takmarkast því af líffræðilegu lágmarki vinnulaunanna og líffræðilegu hámarki vinnudagsins. Það er augljóst, að milli þessara tveggja marka fyrir *hámarki hlutfallsgróðans* eru óendanlega mörg þrep af hugsanlegum tilbrigðum. Raunverulegt hlutfall ákveðst aðeins af sífelldum átökum milli auðmagns og vinnu. Kapítalistinn leitast sí og æ við að lækka launin í líffræðilegt lágmark og lengja vinnudaginn í líffræðilegt hámark, en verkamaðurinn togar stöðugt í hina áttina.

Viðfangsefnið snýzt upp í spurninguna um kraftahlutföll þessara stríðandi afla.

2. Hvorki í Englandi, né í öðrum löndum Evrópu, hafa verið settar reglur um *lengd vinnudagsins,* nema fyrir atbeina löggjafans, og hefði þó hvergi orðið, nema fyrir þrýsting frá verkamönnum. Að minnsta kosti hefði þessi árangur ekki náðzt með samningum milli verkamanna og atvinnurekenda. Það er einmitt þessi nauðsyn á *almennri pólitískri* baráttu, sem færir sönnur á, að í hagsmunabaráttunni er auðvaldið alltaf sterkari aðilinn.

Mörkin fyrir *gildi vinnunnar* ákvarðast í raun og veru alltaf af eftirspurn og framboði, og þá á ég við, eftirspurn auðmagnsins eftir vinnu og framboði verkamanna á vinnu. Í nýlenduríkjunum er lögmálið um framboð og eftirspurn hagstætt fyrir verkamenn. Þess vegna eru verkalaun tiltölulega há í Bandaríkjum Ameríku. Þar getur auðmagnið kostað öllu til, en tekst samt ekki að hindra að atvinnumarkaðurinn tæmist æ ofan í æ, vegna þess að launaverkamenn gerast sjálfstæðir og sjálfbjarga bændur. Fjöldi Ameríkana lítur aðeins á daglaunavinnu sem bráðabirgðaþrep, er þeir geti örugglega yfirgefið innan lengri eða skemmri tíma.[1] Til þess að ráða bót á þessu ástandi í nýlendunum, hefur hin föðurlega brezka ríkisstjórn um nokkurt skeið játazt svokallaðri nútíma nýlendukenningu, sem er í því fólgin, að sett er hátt tilbúið verð á jarðir í nýlendunum í þeim tilgangi að girða fyrir alltof skjóta breytingu daglaunamanna í sjálfstæða bændur.

Snúum okkur þá að gömlu menningarríkjunum, þar sem auðmagnið drottnar yfir öllu ferli framleiðslunnar. Tökum sem dæmi kauphækkanir í landbúnaðinum í Englandi frá 1849 til 1859. Hverjar voru afleiðingar þeirra? Stórbændur gátu ekki hækkað verðmæti hveitisins, svo sem Weston vinur okkar hefði ráðið þeim til, ekki einu sinni markaðsverðið. Þeir urðu þvert á móti að sætta sig við að það lækkaði. En á þessum 11 árum tóku þeir í notkun allskonar vélar, nýjar vísindalegar aðferðir, breyttu nokkru af akurlendi í beitilönd, stækkuðu búin og juku jafnframt framleiðslumagnið. Með þessu og fleiri ráðum drógu þeir úr þörfinni fyrir vinnuafl með því að auka framleiðnina og gerðu landbúnaðarverkalýð tiltölulega óþarfan. Á þennan hátt eru viðbrögð auðmagnsins yfirleitt – hraðari eða hægari – gegn kauphækkunum í gömlu jarðræktarlöndunum. Ricardo hefur réttilega bent á, að vélar eru alltaf í samkeppni við vinnuna, og iðulega er því aðeins hægt að taka þær í notkun, að verð vinnunnar hafi hækkað að vissu marki; en vélanotkun er aðeins ein af mörgum aðferðum til að auka framleiðni vinnunnar. Nákvæmlega sama þróun og gerir almenna vinnu tiltölulega óþarfa, gerir fagvinnuna á hinn bóginn einfaldari og rýrir þannig gildi hennar.

Sama lögmál kemur í ljós í annarri mynd. Með aukinni framleiðni vinnunnar hleðst auðmagnið hraðar upp, jafnvel þrátt fyrir tiltölulega háar kaupgreiðslur. Af þessu mætti draga þá ályktun, eins og Adam Smith gerði á bernskuskeiði nútíma iðnaðar, að hraðari upphleðsla auðmagns ætti að þyngja vogarskálina verkamanninum í vil, með því að tryggja vaxandi eftirspurn eftir vinnu. Af sömu ástæðum hafa margir nútíma rithöfundar undrazt yfir því, að kaupgjald skuli ekki hafa hækkað meir á undanförnum tuttugu árum, er enskt auðmagn hefur vaxið langtum hraðar en fólksfjölgunin. En jafnhliða aukinni upphleðslu auðmagns fer fram *vaxandi breyting* á *samsetningu auðmagnsins*. Sá hluti samanlagðs kapítals, sem myndar fastan höfuðstól – vélar, hráefni, öll möguleg framleiðslutæki – vex hraðar en hinn hlutinn, sem varið er í laun eða til kaupa á vinnu. Þetta lögmál hefur verið sannað – misjafnlega nákvæmlega – af þeim Barton, Ricardo, Sismondi, prófessor Richard Jones, prófessor Ramsay, Cherbuliez og fleirum. Ef hlutfallið milli þessara tveggja frumhluta kapítalsins var í upphafi einn á móti einum, breytist það í iðnaðarferlinu í fimm á móti einum o. s. frv. Ef samanlögðu kapítali að upphæð 600 er varið þannig, að 300 fara í verkfæri, hráefni o. s. frv., og 300 í launagreiðslur, þá þarf heildarfjármagnið aðeins að tvöfaldast til að skapa eftirspurn eftir 600 verkamönnum í stað 300. Ef kapítali að upphæð 600 er skipt þannig, að 500 er varið til véla, efnis o. s. frv., en aðeins 100 í kaupgreiðslur, þá þarf fjármagnið að vaxa úr 600 í 3600 til að skapa eftirspurn eftir 600 verkamönnum í stað 300. Í iðnaðarþróuninni dregst þess vegna eftirspurnin eftir vinnu aftur úr upphleðslu auðmagnsins. Hún mun að vísu fara vaxandi, en þó alltaf hlutfallslega minnkandi miðað við vöxt auðmagnsins.

Þessar fáu ábendingar ættu að nægja til að sýna fram á, að einmitt þróun nútíma iðnaðar hlýtur æ meir að þyngja vogarskál kapítalistans, en ekki verkamannsins. Þróunarstefna kapítalískrar framleiðslu er þar af leiðandi ekki sú, að hækka meðalvinnulaunin, heldur að lækka þau, þrýsta *gildi vinnunnar* æ nær *lágmarki*. En þótt slík stefna sé samgróin eðli *hlutanna* í þessu kerfi, þýðir það þá, að verkalýðsstéttin eigi að afsala sér baráttunni gegn ofbeldi auðvaldsins, hætta tilraunum til að ná sem beztum árangri, þegar aðstaða býðst til tímabundinna kjarabóta? Geri hún það, verður hún lítillækkaður og auðkennalaus múgur niðurbrotinna aumingja, sem eiga sér ekki frelsis von. Ég þykist hafa sýnt fram á, að barátta verkalýðsins fyrir ákveðnu stigi launa er fyrirbrigði, sem er órjúfanlega tengt launaskipulaginu í heild, og barátta hans fyrir kauphækkunum er í 99 tilvikum af 100 aðeins tilraun til að halda vinnugildinu óbreyttu. Nauðsyn þess að berjast við atvinnurekandann um verðið á vinnunni, er samofið þeirri aðstöðu verkamannsins að þurfa að selja sjálfan sig sem vöru. Ef verkalýðsstéttin lætur hugfallast í daglegri viðureign við auðvaldið, þá gerir hún sig óhæfa til allra meiriháttar átaka.

Samtímis – og alveg án tillits til þeirrar almennu ánauðar, sem launaskipulagið felur í sér – má verkalýðurinn ekki ofmeta þau endanleg takmörk, sem dægurbaráttunni eru sett. Hún má ekki gleyma því, að hún er að berjast gegn áhrifum, en ekki því sem áhrifunum veldur; að hún er að spyrna gegn hreyfingu niður á við, en breytir ekki stefnunni; að hún notar fróandi lyf, en læknar ekki meinið. Hún má ekki gefa sig alla á vald þessum óhjákvæmilega skæruhernaði, sem sífellt sprettur af þrotlausum yfirgangi auðvaldsins eða sveiflum á markaðinum. Hún verður að gera sér ljóst, að núverandi skipulag með allri þeirri eymd, sem það leggur henni á herðar, elur jafnframt af sér þau *efnalegu skilyrði* og *samfélagsform*, sem eru nauðsynleg til efnalegra umbreytinga á þjóðfélaginu. Í stað afturhaldssama kjörorðsins: *„Heiðarleg daglaun fyrir heiðarlegan vinnudag!“* ber henni að skrá á fána sinn: *„Afnám launaskipulagsins!“*

Eftir þessa löngu og, ég óttast, þreytandi greinargerð, sem ég varð að gera, til að gera efninu nokkurnvegin viðhlítandi skil, ætla ég að ljúka máli mínu með eftirfarandi tillögu að ályktun:

1. Almenn kauphækkun mun valda lækkun á almennu gróðahlutfalli, en ekki hafa áhrif á vöruverðið yfirleitt.

2. Almenn stefna auðvaldsframleiðslunnar er ekki að hækka, heldur að lækka meðalstöðul launanna.

3. Verkalýðsfélögin eru mjög gagnleg sem miðstöðvar fyrir samstöðu gegn yfirgangi auðvaldsins. Að nokkru mistekst þeim vegna óskynsamlegrar beitingar á valdi sínu. Þeim skjátlast almennt í því, að einskorða sig við skæruhernað gegn afleiðingum ríkjandi skipulags, í stað þess að reyna jafnframt að breyta því; í stað þess að beita afli samtakanna sem vogarstöng fyrir endanlegu frelsi verkalýðsstéttarinnar, þ. e. a. s. endanlegu afnámi launaskipulagsins.

Afstaða Kína til fólksfjölgunarvandamálsins

Hsu Li-chang, fulltrúi Alþýðulýðveldisins Kína á þriðju aukasamkomu Fólksfjölgunarnefndar Sameinuðu Þjóðanna, reifaði afstöðu Kína til fólksfjölgunarvandamálsins í ræðu sinni þann 11. mars 1974. Samkoma þessi var haldin dagana 4.- 15.mars, og höfuðverkefni hennar var að undirbúa heimsráðstefnu um fólksfjölgun sem halda skal í Búkarest 19.- 30. ágúst 1974. Samkomuna sátu 27 aðildarríki SÞ og fulltrúar meira en 30 ríkja.

Í umræðum um uppkast að "Starfsáætlun fyrir aðgerðir varðandi fólksfjölgun í heiminum" sem leggja á fyrir ráðstefnuna um fólksfjölgun í heiminum sagði Hsu Li-chang: "Ástandið í fólksfjölgunarmálum hvers lands ræðst af þjóðfélagsgerð þess. Mörg lönd hafa í dag fólksfjölgunarvandamál, svo sem atvinnuleysi, hungur, sjúkdóma og háa dánartölu. Öll þessi vandamál ætti að skoða í samhengi við ákveðnar pólitískar og efnahagslegar aðstæður, í stað þess að skoða þau einöngruð og slitin frá þessum aðstæðum. Hvar liggja rætur fólksfjölgunarvandamálanna sem fyrir hendi eru í mörgum löndum í dag? Sumir telja að rætur vandamálanna liggja í hinum öra og mikla vexti íbúafjöldans. Samkvæmt þeim, er mikill fjöldi íbúa ástæðan fyrir hægri efnahagslegri þróun, ónægra auðlinda, mengun umhverfisins og ömurlegs lífs manna í þróunarlöndunum... þeir telja að hinn mikli íbúafjöldi þróunarlandanna í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku sé grundvallarorsök allra vandamála heimsins. Að okkar áliti eru slíkar fullyrðingar alrangar því þær eru algjörlega í mótsögn við raunverulegu staðreyndirnar. Grundvallarástæðan fyrir fátækt og fólksfjölgunarvandamálum í sumum þróunarlöndunum er stórveldastefna, árásarstefna og arðrán af hendi heimsvaldastefnu, ný-nýlendustefnu, sérstaklega af hálfu stórveldanna tveggja".

Hsu Li-chang benti á: "Fátæk lönd eru ekki fátæk frá upphafi, og hinn mikli fólksfjöldi er ekki orsök fátæktar þeirra. Þau eru fátæk sökum hinnar miskunnarlausu rányrkju og arðráns. Í dag hefur fólksfjöldinn í flestum þróunarlöndunum meira rými en í þróuðu löndunum. Er hægt að segja að fólksfjöldinn í þeim sé of mikill?

Við höldum fram, að af öllu í heiminum sé fólk það verðmætasta. Þegar fólkið fer sjálft að stjórna örlögum sínum, er það fært um að framkvæma hvaða stórvirki sem er. Tökum Kína sem dæmi. Undir leiðsögn Maó Tse-tungs og Kommúnistaflokks Kína, hefur kínverska þjóðin velt úr sessi heimsvaldasinnunum og þýjum þeirra, og orðið stjórnandi landsins og byggir upp sósíalisma, sjálfstætt og treystandi á eigin krafta. Síðustu tvo áratugi og lengur hefur íbúafjöldi landsins vaxið úr 500 milljónum í 700 milljónir en þrátt fyrir það hefur efnahagur okkar vaxið hraðar en ekki hægar, auðlindir okkar eru ríkari en ekki fátækari, umhverfi okkar hefur stöðugt batnað en ekki versnað og lífskjör þjóðarinnar hafa hækkað stig af stig en ekki lækkað. Sökum þess að fólkið er frjálst ríkir jafnrétti milli karla og kvenna. Þau hjálpast að og elska hvort annað, þau vinna saman að uppbyggingu nýs þjóðfélags. Þessi sögulega staðreynd hefur fyllilega sannað, að hægt er að leysa það vandamál að fæða fólkið, með byltingu og framleiðslu. Það sjónarmið að fólksfjöldinn sé grundvallarorsök allra vandamála er algjörlega óverjandi.

Lítum nú á þróuðu löndin. Sum þeirra halda fram að þau séu mjög rík, en þar eru líka aldagömul alvarleg fólksfjölgunarvandamál. Fólksfjölgun þar er mjög hæg - samt sem áður eru milljónir manna atvinnulausir, og tugir milljóna berjast á mörkum þess að svelta. Án þess að huga að kjörum fólksins, færa stjórnarherrar þessara landa út árásar- og útþenslustefnu erlendis, og beita miskunnarlausri kúgun og arðráni heima fyrir. Ákveðinn hópur manna reynir af duldum ástæðum með óraunhæfri óskhyggju sinni að brennimerkja þróunarlönd Asíu, Afríku og Suður-Ameríku með "fólksfjölgunarsprengingu" og reynir jafnvel að kenna þeim um "harmleiki" atvinnuleysis og fátæktar í heimalöndum sínum. Hvílík fásinna.

Áríðandi verkefni til lausnar fólksfjölgunarvandamálum

"Ef þróunarlöndin eiga að geta leyst fólksfjölgunarvandamál sín, er brýnasta verkefni þeirra að berjast gegn heimsvaldastefnu, nýlendustefnu, ný-nýlendustefnu og stórveldastefnu risaveldanna og valdapólitík. Þau verða að öðlast og tryggja þjóðlegt sjálfstæði sitt og þróa áfram efnahag og menningu landsins með því að treysta á eigin krafta. Sérhvert land ætti að móta stefnu sína í ljósi þess ástands sem þar er ríkjandi með fólksfjölda. Kínverska stjórnin leitast við skref eftir skref að stefna að því að fólksfjöldinn vaxi samkvæmt áætlunum. En það er trú okkar, að ákveðin stefna varðandi fólksfjölgun geti þá fyrst verið almennilega mótuð og framkvæmd með árangri, þegar búið er að koma í veg fyrir það að erlendar árásir og afskipti eigi sér stað, þegar tryggt er pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði og fólkið orðið stjórnandi landsins. Sumir segja að stefna í fólksfjölgunarmálum eigi að sitja í fyrirrúmi og vera ákvarðandi þáttur; þeir líta jafnvel á áætlun um takmörkun barneigna sem lausn allra vandamála. Þetta er það sama og að ætla sér að spenna kerru fyrir hest, og er rangt. Sumir nota þetta sjónarmið til að dylja glæpi heimsvaldastefnunnar og til að beina baráttu alþýðu heimsins gegn heimsvaldastefnu, nýlendustefnu og stórveldastefnu inn á aðrar brautir. Við berjumst staðfastlega gegn þessu sjónarmiði."

"Það er staðföst stefna Kína, að berjast gegn heimsvaldastefnu, nýlendustefnu, ný-nýlendustefnu og stórveldastefnu risaveldanna, og að styðja þróunarlöndin til að tryggja þjóðlegt sjálfstæði, þróa sjálfstæðan þjóðlegan efnahag og til að bæta og hækka lífskjör og menntun alþýðunnar stig af stigi. Það er líka sameiginleg krafa þróunarlanda Asíu, Afríku og Suður-Ameríku, og einlæg ósk hins mikla fjölda alþýðu heimsins."

Síðan bar Hsu Li-chang fram þá kröfu þróunarlandanna, að fullt tillit yrði tekið til þessa viðhorfs á fólksfjölgunarráðstefnunni. Einnig lagði hann áherslu á, að fullt tillit yrði tekið til hinn réttlátu kröfugerða yfirgnæfandi meirihluta íbúa þróuðu landanna um að öðlast og varðveita réttinn til vinnu, réttinn til að bæta lífsskilyrði sín og að eyða endanlega orsökum atvinnuleysis.



Einokunarkapitalistar heimsvaldaríkjanna raka saman auðævum með arðráni og kúgun gagnvart kúguðu þjóðunum - hungur og vanþróun er hlutskipti alþýðunnar í þessum löndum.

Framtíð mannkynsins er vissulega björt

Hsu Li-chang benti á, að ýmsir borgaralegir "spekingar" hefðu málað svarta og niðurdrepandi mynd af framtíð mannkynsins. Fyrir meira en hundrað árum, þegar fólksfjöldi heimsins var minni en 1000 milljónir, reitti enski hagfræðingurinn Malthus hár sitt og skegg sökum "offjölgunar" og því að vöxtur framleiðslunnar gæti aldrei verið jafn hraður og vöxtur fólksfjöldans. Í dag, hundrað árum síðar, hefur fólksfjöldi jarðarinnar meira en þrefaldast, en efnislegur auður þjóðfélaganna hefur vaxið miklu meira, sökum átaks hins mikla fjölda alþýðunnar við að yfirstíga ótal hindranir. Á því stutta 25-ára tímabili, sem liðið er frá stofnun Alþýðulýðveldisins Kína, hefur iðnaðar- og landbúnaðarframleiðsla þess aukist margfalt, vöxtur framleiðslunnar hefur verið örari en aukning fólksins. "Saga mannkynsins stefnir fram á við, og mannkynið þróast áfram. Við erum fullvissir um að framtíð mannkynsinsins sé vissulega björt," sagði Hsu Li-chang.

(Þýtt og endursagt úr News from China, nr. 14 1974, útg. af Kínverska sendiráðinu á Íslandi)

-/ói

Guðmundur J. Guðmundss
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

TIL ÁSKRIFENDA STÉTTABARÁTTUNNAR

Félagar áskrifendur!
Ritstjórn STÉTTABARÁTTUNNAR berast sífellt kvartanir um að blaðberist ekki áskrifendum í pósti. Til þess að komast til botns í þessu skorum við á alla áskrifendur, sem fá ekki eða hafa ekki fengið tiltekin tölublöð, að tilkynna okkur tafarlaust um vanskilin.

Af gefnu tilefni viljum við brýna fyrir áskrifendum að senda við fyrsta tækifæri tilkynningu um breytt heimilisföng ef þeir flytja. Sérstaklega viljum við benda skólafólki á heimavistarskólum sem láta senda sér blaðið í skólann á vetrum, að muna eftir að tilkynna heimilisfang yfir sumartímann.

Venjuleg áskrift:	400,oo
Stuðningsáskrift:	600,oo
Baráttuáskrift:	800,oo

Kína styður rétt ríkja til 200mílna efnahagslögsögu

Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Caracas í Venesúela er nýlokið. Margt hefur verið ritað um ráðstefnuna og sérstaklega um þær deilur sem risu á henni, annars vegar milli ríkja heimsins og hins vegar risaveldanna tveggja og Efnahagsbandalagsríkjanna og ennfremur þátt Íslands í þessum deilum. Þessi skrif hafa raunverulega dulið hinn raunverulega bakgrunn deilnanna, með því að setja fram sem aðalatriði að flest ríkin - að meðtöldum USA og Sovétríkjunum - hafi verið sammála í grundvallaratriðum, en deilurnar hafi snúist um smærri atriði, túlkun á samþykktum o.s.frv. Raunverulega stóð deilan milli heimsvaldaríkjanna, sem öldum saman hafa hlekkjað lönd þriðja heimsins í fjötra arðráns, kúgunar og yfirgangs og nýlendnanna og kúguðu landanna, sem mynda yfirgnæfandi meirihluta mannkynsins.

Ríki þriðja heimsins settu þegar í upphafi fram tillögu þess efnis, að samþykkt yrði óskoruð efnahagslögsaga, sem næði allt að 200 sjómílum frá samþykktri grunnlínu og sem tryggði fullkomlega rétt strandríkjanna til að kanna og nýta auðlindir sínar -- bæði þær sem hægt er að endurnýja (fisk og aðrar lífverur) og eins þær sem ekki er hægt að endurnýja (olía, málmar á hafsbotni o.s.frv.). Ennfremur fól þessi tillaga í sér fullkominn fullveldisrétt strandríkjanna til að fylgjast með og stjórna vísindalegum rannsóknum, verndun gegn mengun og nýtingu auðlinda á landgrunni, í sjónum og á hafsbotni og í hafdjúpinu út af ströndum strandríkjanna. Síðast en ekki síst setti tillaga ríkja þriðja heimsins fram þá kröfu, að efnahagslögsaga væri um leið lögsagnarumdæmi hvers strandríkis um sig og lyti í einu og öllu lagasetningu og yfirráðum þess. Þessi tillaga sem flutt var af fulltrúa Nígeríu, hlaut víðtækan stuðning og undirtektir af hálfu ríkja þriðja heimsins og ennfremur studdu kínversku fulltrúarnir hana fyllilega og án skilyrða.

Þessi tillaga Nígeríu, fól raunverulega í sér réttmætan og lagalegan yfirráðarétt og hagsmuni kúguðu landanna og þess vegna naut hún svo víðtæks stuðnings sem raun bar vitni um. Andstaða risaveldanna gegn henni byggðist á hagsmunum arðræningjanna og sjálfteknum "rétti" ofbeldisvirkjans og kúgarans. Lagalegur réttur risaveldanna til að sigla með herafla sinn um heimshöfin, þröngva vilja sínum og yfirráðum upp á önnur ríki, framkvæma vísindalegar rannsóknir á landgrunni annarra ríkja í þeim tilgangi að hrifsa til sín nýtingu auðlinda og hráefnalinda, er enginn. Allt tal risaveldanna um "hefðir" og "alþjóðlegar samþykktir" eru aðeins tilvísun til þess ástands, sem þau sjálf hafa skapað, ástands, sem einkennist af yfirdrottnun og kúgun örfárra forréttindaríkja á meirihluta mannkynsins. Þær hefðir, sem byggja á nýlendustefnu, heimsvaldastefnu og arðráni, eru hefðir sem kapitalisminn hefur skapað á blóðugum arðránsferli sínum. Þær byggja ekki á neinum lagalegum grundvelli eða "alþjóðlegum samþykktum" öðrum en þeim lögum og samþykktum, sem ræninginn setur fórnarlambi sínu með afarkostum. Þess vegna geta ríki þriðja heimsins aldrei viðurkennt slíkan rétt eða hefðir, því þær byggja á undirokun þeirra, fátækt og vanþróun.

Átta ríkja hópurinn, sem m.a. Ísland og Noregur tilheyrðu, færði fram aðra tillögu, sem viðurkenndi 200 sjómílna efnahagslögsöguna og rétt strandríkjanna til óskoraðrar nýtingar á auðlindum innan hennar, varnir gegn mengun og yfirráð yfir lofthelgi yfir landhelginni. En ágreiningurinn milli þessa hóps og ríkja þriðja heimsins, stóð fyrst og fremst um takmörkun á siglingum og flugi risaveldanna og heimsvaldaríkjanna á yfirráðasvæði strandríkjanna. Átta ríkin vildu ekki ganga svo langt að skerða "frelsi" heimsvaldastefnunnar til vísindalegra rannsókna á yfirráðasvæðum annarra ríkja, "frelsi" þeirra til að geta siglt um heimshöfin og flutt flotastyrk sinn að ströndum ríkja þriðja heimsins, en floti og flugher heimsvaldaríkjanna og fyrst og fremst risaveldanna tveggja, er aðaltrygging þessara ræningja fyrir því, að nýlendurnar og kúguðu þjóðirnar taki ekki aftur réttmætar auðlindir sínar, hráefni og yfirráðasvæði. Þannig fól tillaga þessara ríkja í sér takmörkun á óskoruðum lagalegum rétti og fullveldi strandríkja yfir eðlilegum yfirráðasvæðum sínum og um leið málamiðlun, sem opnaði heimsvaldaræningjunum leið til að halda yfirgangi sínum og ránum í löndum þriðja heimsins óáreittir áfram. Meginmálið á ráðstefnunni í Caracas, er einmitt spurningin um arðrán örfárra forréttindaríkja sem taka yfir lítinn hluta mannkynsins, á miklum meirihluta mannkynsins sem býr í hinum réttindalausu og kúguðu ríkjum Asíu, Afríku og S-Ameríku. Allt tal Þjóðviljans og "vinstri-stjórnarinnar" um að Ísland eigi samleið með ríkjum þriðja heimsins og að Ísland skipi sér í flokk hinna kúguðu gegn risaveldunum og heimsvaldastefnunni, afhjúpast hér sem hræsni og falsanir. Einu hagsmunir sem íslenska sendinefndin barðist fyrir á ráðstefnunni í Caracas, voru hagsmunir íslenska einokunarauðvaldsins, til að geta einokað auðlindirnar kringum Ísland, þegar kom að stuðningi við réttmætar kröfur ríkja þriðja heimsins um jafnan rétt allra þjóða til að nýta sínar auðlindir og virða jafnframt því óskoraðan rétt allra annarra ríkja til að gera slíkt hið sama, skoruðust íslensku fulltrúarnir undan og studdu tillögu, sem einungis tók til hagsmuna þeirra sjálfra en var jafnframt því tilhliðrun við arðránshagsmuni heimsvaldastefnunnar. Þegar landhelgisdeilan stóð sem hæst, talaði "vinstri-stjórnin" mikið um samleið Íslands og þriðja heimsins og lést styðja kröfur þeirra. Á hinn bóginn veittu ríki þriðja heimsins Íslandi fullan stuðning í landhelgisdeilunni og lýstu því yfir, að Íslendingar einir skyldu hafa ákvörðunarrétt fyrir eigin auðlindum og lagalegan rétt til mengunarvarna, verndar fiskistofna og nýtingar allra auðlinda, hvort sem þær væru endurnýjanlegar eða ekki. Íslenska sendinefndin skipaði sér á bekk með hinum kúgandi þjóðum, og leppum þeirra með því að svíkja samstöðuna við ríki þriðja heimsins og bera fram tillögu, sem stóð gegn hagsmunum þeirra.

Risaveldin vilja halda ástandinu óbreyttu.

Sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir settu sig gegn tillögu Nigeríufulltrúans, vegna þess að hún fól í sér skerðingu á "frelsi" þeirra til að sigla um sund og innhöf annarra ríkja með herskipaflota sinn, skerðingu á "frelsi" þeirra til að gera vísindalegar rannsóknir á hafsbotni og landgrunni sem tilheyra öðrum ríkjum, í þeim tilgangi að ræna þau þessum auðlindum og "frelsi" þeirra til að menga innhöf og landgrunn annarra ríkja með efnaúrgangi og skaðlegum efnum. Það að þeir fengu engan stuðning við tillögu sína, sýnir vel, að ríki þriðja heimsins hafa þegar skilið að Sovétríkin eru ekki lengur sá vinur kúguðu þjóðanna, sem þau voru fyrir valdarán Krúsjof-klíkunnar, heldur grimmur ræningi, sem svífst einskis til að sölsa undir sig auðlindir annarra ríkja, með vopnavaldi eða með þvingunum. Bandaríski fulltrúinn lýsti sig sammála 200 sjómílna efnahagslögsögunni, en með þeim skilyrðum, að Bandaríkin nytu sams konar "frelsis" og Sovétríkin höfðu krafist. Einnig lögðu þeir til að alþjóðleg nefnd eða stofnun færi með úrskurðarvald í deilum um siglingar og nýtingu auðlinda, mengunarspurningunni og verndun sjávarlífs. En að lýsa yfir samþykki sínu við óskoraða efnahagslögsögu, sem nái 200 sjómílur á haf út, en segja samtímis, að viðkomandi strandríki hafi ekki lagalegan rétt til ákvarðana um nýtingu auðlinda á eigin landgrunni og um siglingar erlendra skipa á lögsagnarumdæmi þess, er að lýsa yfir stuðningi við efnahagslögsöguna í orði, en afneita henni í verki. Bandarísku heimsvaldasinnarnir, sem um áratugaskeið hafa

frh. bls.7

LEIÐRÉTTING

Þau mistök urðu í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar í greininni "Baráttan í Sovét", að síðasta dálkinum var raðað vitlaust upp og varð greinin illskiljanleg fyrir bragðið. Rétt uppröðun er á þessa leið: Dálkurinn á að hefjast á: "Síðan fjallar Baráttunefndin ... hljóðar svo:" Næst kemur: "Maóisminn er ... tíð Kína'" Og að lokum á að koma: "Baráttunefndin bendir á ... Lifi alþjóðahyggja öreiganna."

Einnig viljum við leiðrétta upphaf greinarinnar "Afhjúpum borgaralega 'skoðanafrelsið'" en þar féll niður eitt orð. Upphafið á að hljóða svo: "Málshöfðun "Varins lands" ... hversu langt má teygja meiðyrðalöggjöfina til þess að reyna..." Ritstjórn Stéttabaráttunnar biður lesendur afsökunar á þessum mistökum og vonast til að þeir líti aftur á þessar greinar með þessar leiðréttingar í huga. Að lokum viljum við benda á, að hægt er að fá nær öll eintök af Stéttabaráttunni, sem út hafa komið í bókabúðinni Rauðu Stjörnunni.

FUNDUR KSML Í KEFLAVÍK

21. september munu KSML halda kynningarfund í Keflavík. Fundurinn hefst kl. 14,00 og verður haldinn í Félagsheimilinu Vík Hafnargötu 80

Skrifið í STÉTTABARÁTTUNA

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI